

H A R M U R

eftir

Ásgeir Sigurðsson

asgeir@ljósfilms.is
© LJÓS Films

Aðeins til notkunar í námstilgangi.

MADUR (O.S.) (CONT'D)
 já ég lofa. Hringdu bara í mömmu
 þína ef það er eitthvað.... Ókei
 elskan, love you. Bæ.

Óliver horfir í spegilinn og sér manninn aftur í bílnum, mjór
 maður með skegg og ráma rödd.

MADUR (O.S.) (CONT'D)
 Ertu ekki með eitthvað í útvarpinu?

Óliver gefur upp truflandi svip, segir ekkert.

Smá þögn.

MADUR (CONT'D)
 ...Óliver?

ÓLIVER
 Nei.

Við sjáum manninn hann hallar sér afturábak.

Óliver segir ekkert, heldur áfram að keyra.

MADUR
 Þú veist að ég er bara að reyna að
 hjálpa.

Beat.

ÓLIVER
 ...Þetta er svo mikil klikkun...
 þetta er svo mikil fokking klikkun.
 (hlær)
 Djöfull er hún fokking klikkuð
 maður, hann er 11 ára. Fokking 11.

Maðurinn hristir hausinn.

Kemur ekki upp orði.

ÓLIVER (CONT'D)
 Ég... vissirðu af þessu eða?

Óliver horfir áfram á veginn, miður sín.

MADUR
 Nei... Óliver, það eina sem ég hef
 gert er að hjálpa mömmu þinni.

ÓLIVER
 Og hvað? Hvað hefurðu gert?

Þögn.

Óliver horfir niður á veginn og verður efins.

ÓLIVER (CONT'D)
Fokk!... FokkFokkFokk! Afhverju var
ég svona fokking heimskur?!

MAÐUR
Hey! Óliver!... Óliver! við erum að
gera það eina rétta í stöðunni.
Viltu að strákurinn missi mömmu
sína eða?

Eitt lítið tár lekur úr auga Ólivers.

ÓLIVER
Ekki tala um hann! Ekki fokking tal
um hann. Þú þekkir hann ekki? Ekki
neitt! Þú veist ekkert um hann?!

MAÐUR
Óliver, slakaðu bara á...

Við sjáum fram á veginn, enginn í kring, þeir keyra áfram inn
í myrkrið.

Beat.

ÓLIVER
Hvað ef hann er einn? Hvað ef honum
er... er kalt?

MAÐUR
Það er í lagi með hann, treystu
mér.--

Maðurinn horfir út um gluggann.

Óliver horfir út um gluggann.

Maðurinn horfir á hann.

CUT TO BLACK.

4

INT. HERBERGI ÓLIVERS, HEIMA - MORNING

4

Óliver liggur í rúminu sínu sofandi, haustsólin gægjist inn
um gluggann.

Hurðin að herberginu hans opnast og herbergið lýsist upp.

HRAFN (O.S.)
Óliver...

Óliver rankar við sér hægt og rólega.

ÓLIVER

Mmm...

HRAFN (O.S.)

(hvíslandi)

Óliver... ég á afmæli.

ÓLIVER

(þreyttur)

Hvað er klukkan?

HRAFN

(hvíslandi)

Ég veit það ekki.

...

HRAFN (CONT'D)

(hvíslandi)

Það er kaka frammi.

ÓLIVER

Já, ég kem eftir smá.

HRAFN

(hvíslandi)

Ókei.

Segir Hrafn og labbar í átt að útgangnum.

Óliver snýr sér við í rúminu.

ÓLIVER

Hrafn?

HRAFN

Já?

ÓLIVER

Hvernig kaka?

CUT TO:

5

INT. ELDHÚS, HEIMA - MORNING

5

Súkkulaðikakan liggur á borðinu og við sjáum kökuhnífinn stingast í.

Óliver nálgast matarborðið og sest niður.

MÓÐIR, 35, strákanna situr við borðið, hún er ungleg með skollitað hár. Hún setur sneið á diskinn hans Hrafns sem situr við hlið hennar.

ÓLIVER

Já sæll, það er bara alvöru morgunmatur.

MÓÐIR

Já, finnst þér ekki?

Óliver horfir á bróðir sinn.

ÓLIVER

Hvað ertu þá orðin gamall? Átta ára?

HRAFN

Þú veist alveg að ég er 11.

ÓLIVER

11? Afhverju ertu þá svona lítill?

MÓÐIR

Óliver hattu þessu.

ÓLIVER

Ég er aðeins að djóka maður.

HRAFN

Þú ert alltaf að djóka.

ÓLIVER

Já, ég er bara svo náttúrulega fyndinn.

HRAFN

Mér finnst það ekki.

Óliver horfir á bróðir sinn og brosir.

ÓLIVER

Hmm.

Mamma horfir á Hrafn.

MÓÐIR

Hvað viljiði svo gera í kvöld?

Óliver ypptir öxlum.

MÓÐIR (CONT'D)

Hvað viltu borða Hrafn?

Hrafn svarar ekki, heldur áfram að borða kökuna sína.

ÓLIVER

Getum við ekki bara farið út að borða eða?

MÓÐIR

Já? Það er ein hugmynd... Ég veit um einn nýjan stað, glænýr allskonar pasta og kjöt og þannig, hvernig lýst þér á það Hrafn?

HRAFN

Nei, mig langar ekki.

MÓÐIR

Nú?

Beat.

ÓLIVER

Nú jæja, kakan er allaveganna góð.

MÓÐIR

Já, takk fyrir það.

ÓLIVER

Hvað, bakaðir þú hana?

MÓÐIR

Nei, ég keypti hana.

ÓLIVER

... Ókei.

MÓÐIR

Hvað?

ÓLIVER

Ekki neitt...
(horfir á mömmu)
Ekkert.

6

INT. BAÐHERBERGI, HEIMA - MORNING

6

Óliver skrúfar frá sturtunni og við sjáum vatnið renna niður.

Hann skolar sig undir henni í smá.

HARD CUT TO:

Óliver situr á klósettinu, hann horfir niður á jörðina.

Við bíðum með honum.

Hann tekur símann sinn af þvottakörfunni við hliðina á sér og fer í hann.

HURÐIN að baðherberginu opnast og Óliver sparkar í hana þannig að hún lokast.

ÓLIVER
KOMMON! Getiði ekki fokking bankað á undan ykkur!?

MÓÐIR (O.S.)
Sorry!

ÓLIVER
Shit... Nennirðu að laga þennan fokking lás eða?

MÓÐIR (O.S.)
Óliver?

ÓLIVER
Hvað?

MÓÐIR (O.S.)
Ég er að fara í atvinnuviðtal gætir þú skutlað Hrafni í skólann.

Beat.

ÓLIVER
Já... ef þú lærir að banka.

7

EXT. GANGSTÉTT, FYRIR UTAN HEIMA - MORNING

7

Við sjáum tvær hendur leiðast.

Óliver og Hrafn labba í áttina að bílnum hans. Hrafn með skólatösku á bakinu.

HRAFN
Afhverju ert þú að skutla mér?

ÓLIVER
...mamma er bara upptekinn.

HRAFN
Afhverju?

ÓLIVER
Hún er að fara í atvinnuviðtal.

HRAFN
Hvað er það?

ÓLIVER
Það er bara svona viðtal fyrir...
gamalt fólk.

HRAFN
Hvernig?

ÓLIVER
Til að fá sér vinnu elsku litli
kall.

HRAFN
Ókei.

8 **INT. BÍLL, BÍLASTÆÐI - MORNING**

8

Óliver opnar hurðina að bílnum og sest við stýrið, Hrafn opnar hurðina afturí og sest inn.

Óliver horfir fyrir bakvið sig á bróðir sinn.

ÓLIVER
Ætlarðu ekki að sitja frammí?

HRAFN
Ég má ekki sitja frammí.

ÓLIVER
Hver segir það?

HRAFN
Mamma.

Óliver horfir í kringum sig.

ÓLIVER
Já, mamma er ekki hérna.

HRAFN
Má ég?

Beat.

ÓLIVER
Ef þú "snitchar" ekki.

Hrafn horfir á bróðir sinn, skilur hann ekki.

ÓLIVER (CONT'D)
Koddu, sestu hérna.

Segir hann og brosir.

Hrafn brosir til baka, fer út og færir sig í farþegasætið.

ÓLIVER (CONT'D)
Spenntu beltið.

Hann gerir það.

Óliver fer í vasann sinn og tekur upp gamlan IPHONE SÍMA.

ÓLIVER (CONT'D)
Hérna.

Við sjáum augun á Hrafn, hann horfir á símann.

HRAFN
Hvað er þetta?

ÓLIVER
Afmælisgjöf.

HRAFN
Fyrir mig?

ÓLIVER
Já, auðvitað.
(flissar)
Fyrir þig.

Hrafn knúsar bróðir sinn.

HRAFN
Takk Óliver.

ÓLIVER
Ekki málið, þetta er gamli minn
þannig þú verður að lofa að passa
vel uppá hann.

HRAFN
Já auðvitað.

ÓLIVER
Og sama með þetta, bíddu aðeins með
að segja mömmu. Ég á eftir að tala
við hana.

HRAFN
Já.

ÓLIVER
Ókei... til hamingju með daginn
vinur.

Segir hann og brosir.

9 **INT. BÍLL, VEGUR - MORNING**

9

Við sjáum Óliver og Hrafn sitja hlið við hlið og horfum út um framrúðuna á bílnum, þeir eru á leiðinni í skólann.

Hrafn með bók í hönd.

ÓLIVER
Hvernig er í skólanum?

Beat.

HRAFN
Gaman.

ÓLIVER
Það er nú ágætt.
(beat)
Hvað áttu að gera í dag?

HRAFN
Mmm... stærðfræði... lífsleikni...
íþróttir--

ÓLIVER
Ertu með íþróttaföt?

HRAFN
Já.

ÓLIVER
Ókei...
(beat)
Hvernig eru krakkarnir?

Hrafn svarar ekki.

ÓLIVER (CONT'D)
Þú veist að þú getur talað við mig
ef að það eru einhverjir--

HRAFN
--Það er ekkert í gangi.

ÓLIVER
Ókei...
(beat)
Ég er búinn að setja inn
símanúmerið mitt en ekkert vera að
ata símanum á aðra, það er strang-
strang-- stranglega bannað... Ókei?

HRAFN

Ókei.

Strákarnir stoppa fyrir utan skólann.

Óliver knúsar bróðir sinn.

ÓLIVER

Láttu mig vita ef það er eitthvað.

Hrafn opnar hurðina.

HRAFN

Já.

ÓLIVER

Hrafn.

Hrafn stoppar.

ÓLIVER (CONT'D)

Þú veist þú getur alltaf talað við mig.

HRAFN

Mhm.

Óliver kinkar kolli.

ÓLIVER

Ókei flott, sjáumst.

Hrafn fer út úr bílnum.

10

INT. VERKSTÆÐI - LATER

10

Allt er dimmt, ljósin eru slökkt.

Við sjáum gamalt tréborð, á borðinu stendur einhverskonar rafmagnstafla.

CUT TO:

GAMALL verkfærarakki, fyrir neðan hann eru bútsagir og allskonar verkfæri.

Við heyrum í hurðinni að verkstæðinu lokast. Óliver labbar inn í ramma og kveikir ljósin.

11 **INT. BAÐHERBERGI, VERKSTÆÐI - CONTINUOUS** 11

Á baðherbergissinnréttingunni er BRÚNN blettur. AJAX spreyst á blettinn. Óliver situr á gólfinu og strýkur yfir blettinn, hann bugast ekki. Hann strýkur oftar og oftar en ekkert gerist.

CUT TO:

12 **INT. VERKSTÆÐI - CONTINUOUS** 12

Óliver leggur moppuna ofan í vatnið og leggur hana á gólfið og byrjar að skúra. Hann skúrar í smá stund þar til...

SÖLVI (O.S.)

Óliver?

Óliver horfir upp.

ÓLIVER

Já?

SÖLVI (O.S.)

Komdu aðeins, geturðu hjálpað mér að færa þennan hitaskáp?

ÓLIVER

Já, já auðvitað.

Óliver labbar í áttina að hitaskápnunum og sér SÖLVA (38) mjór maður í bláum iðnaðargalla.

SÖLVI

Farðu bara hinum megin.

ÓLIVER

Já.

Óliver tekur í hitaskápinn sem er á dekkjum.

SÖLVI

Einn, tveir og...

Óliver ýtir honum með Sölva í áttina að veggnum.

SÖLVI (CONT'D)

Ókei, frábært.

ÓLIVER

Komið?

SÖLVI
 Reyndar, þá þarf ég aðeins að
 spjalla við þig.

ÓLIVER
 Ókei.

13

INT. SKRIFSTOFA, VERKSTÆÐI - MORNING

13

Skrifstofan er fyllt af pappírssamningum, möppum og notuðum
 kaffibollum.

Sölvi og Óliver sitja andspánis hvorum öðrum við skrifborðið.
 Sölvi tekur upp bollann sinn og fær sér sopa.

SÖLVI
 Hvað segirðu? Hvernig ertu búinn að
 vera?

Segir hann með blíðum tónum.

ÓLIVER
 Bara góður, auðvitað... alltaf
 góður.

SÖLVI
 Gott, gott...Óliver, ég hérna...
 ætla ekki að reyna flækja þetta
 eitthvað frekar. Í rauninni ástæðan
 afhverju ég er að tala við þig, er
 af því að... eins og þú veist þá
 erum við búnir að vera minnka við
 okkur.

Óliver kinkar kolli.

ÓLIVER
 Ókei.

SÖLVI
 Og hérna... eins og málin standa
 núna þá verðum við.. bara því miður
 að... að segja þér upp.

Óliver áttar sig á kringumstæðum.

ÓLIVER
 Ókei... já
 (beat)
 Ég hérna-- ókei-- eða þússt, þetta
 kemur mér bara smá að óvörum ef ég
 á að segja eins og er.

SÖLVI

Já auðvitað.

ÓLIVER

Ég bara skil ekki alveg þar sem að ég er ekki, þússt alvöru... eða er ekki að vinna á verkstæðinu einu sinni, ég er bara að þrífa náttúrulega.

SÖLVI

Já og ég er búinn að vera ótrúlega sáttur með þig bara... mjög, mjög sáttur eins og ég segi. En þetta er bara því miður staða málanna.

Óliver hristir hausnum upp og niður, sigraður.

ÓLIVER

Já, ókei... þá bara verður þetta-- hérna...

SÖLVI

En þú auðvitað færð bara að vinna upp uppsagnarfrestinn þinn, þessa þrjá mánuði og kemur ennþá um helgar--

ÓLIVER

Já, jájá. Mhm.

Segir Óliver, tekur upp penna og skrifar undir.

SÖLVI

Þú veist að mér þykir þetta leitt.

ÓLIVER

Nei, ekki-- maður var hvort er að leita sér að einhverju svona meira full time.

SÖLVI

Akkurat.

Óliver horfir niður og svo upp á Sölva.

ÓLIVER

Heyrðu takk bara.

SÖLVI

Já sömuleiðis.

Þeir takast í hendur.

Óliver stendur upp og labbar út.

Sölvi situr eftir með eftirsjá í andlitinu.

HARD CUT TO:

14 **INT. ELDHÚS, HEIMA - DAY** 14

Við sjáum inn í eldhús, tiltulega mikið rusl en ekkert óvenjulegt.

HÁ "TECHNO" tónlist kemur frá baðherberginu.

15 **INT. STOFA, HEIMA - CONTINUOUS** 15

Við heyrum aðeins herra í tónlistinni.

16 **INT. GANGUR AÐ ÍBÚÐ - CONTINUOUS** 16

Óliver labbar út úr lyftunni og í átt að íbúðinni, hann heyrir í tónlistinni sem hækkar og hækkar því meir sem hann nálgast. Hann gefur upp forvitnissvip.

17 **INT. ANDDYRI HEIMA - CONTINUOUS** 17

HURÐIN opnast og Óliver labbar inn, tónlistinn er HÁTT STILLT, og við heyrum í henni frá baðherberginu.

Óliver horfir niður á skóna og svo aftur upp.

ÓLIVER

Mamma?

(beat)

Mamma?!

Ekkert. Hann labbar rösklega í áttina að baðherberginu, stoppar við eldhúsið og horfir inn í það.

Hann kemur að baðherberginu og bankar á það.

ÓLIVER (CONT'D)

Mamma!

Smá bið.

Tónlistin slökknar.

MÓÐIR (O.S.)

Óliver?!

ÓLIVER
Hvað ertu að gera?

MÓÐIR (O.S.)
Bíddu aðeins.

ÓLIVER
Er ekki allt í lagi eða?

MÓÐIR (O.S.)
Jú, jú bíddu aðeins elskan, ég er
að koma.

ÓLIVER
Hvernig var í þessu viðtali?

Óliver heyrir ekkert frá henni.

HURÐIN að baðherberginu opnast, Móðir hans stendur í gættinni
og horfir til hans.

MÓÐIR
Hæ elskan mín.

ÓLIVER
Hvað ertu að gera?

MÓÐIR
(flissandi)
Ég var bara á klósettinu.

ÓLIVER
Já ókei og varstu að halda tónleika
líka?

Mamma hans brosir létt til hans.

MÓÐIR
Nei...Óliver, má maður bara aldrei
neitt eða?

ÓLIVER
Slakaðu á, ég er bara að spurja...

MÓÐIR
Já ég veit elskan...
(beat)
ég sé að húðin þín er orðin betri.

Segir hún og tekur í andlit hans.

ÓLIVER
Mamma...

MÓÐIR
Ertu að drekka nóg vatn?

ÓLIVER
Hættu.

Móðir hans hlær.

MÓÐIR
Ertu svangur elskan?

ÓLIVER
...Hvernig gekk í þessu viðtali?

MÓÐIR
Ég ætla gera eitthvað að borða, ég
segi þér það eftir smá.

Segir hún og labbar framhjá honum í átt að eldhúsinu. Óliver
horfir á eftir henni.

MÓÐIR (O.S.) (CONT'D)
Viltu kaffi?

ÓLIVER
Nei takk.

Óliver labbar í áttina að baðherberginu, hann fer inn og
lokar.

18 **INT. BAÐHERBERGI/ANDDYRI, HEIMA - CONTINUOUS**

18

Óliver labbar inn og leggur símann sinn á vaskinn.

Hann labbar upp að klósettinu, rennir niður og byrjar að
pissa.

Á vaskinum eru allskonar hlutir, gamalt meik,
tannkremsklessur og gamlir eyrnalokkar.

Við sjáum nærmynd að augum hans, hann horfir á símann sinn.
Aðeins fyrir ofan hann liggur NAFNSPJALD.

Óliver pírir augun og rennur upp buxunum.

Hann tekur upp nafnspjaldið og horfir á það.

BLOND - COCKTAIL BAR

Hann rennir puttunum sínum eftir spjaldinu.

ÓLIVER
Shit... Fokk!

Þeir eru þaknir HVÍTU DUFTI.

Hann kveikir aftur á vaskinum og þvær á sér hendurnar.

Við sjáum hann horfa til baka, ögrandi svipur.

Hann STORMAR út af baðherberginu í áttina að eldhúsinu.

ÓLIVER (CONT'D)

Mamma!.... Mamma!

Við sjáum inn í eldhús, mamma hans stendur við samlokugrillið og horfir á son sinn, saklaus augu.

Óliver starir á móður sína.

ÓLIVER (CONT'D)

Hvað... ertu að fokking pæla?

Mamma hans hristir hausinn, skilur ekki alveg.

ÓLIVER (CONT'D)

Ertu byrjuð aftur?

MÓÐIR

Hvað... ert---

ÓLIVER

Mamma, hattu þessu fokking kjaftæði!

MÓÐIR

Óliver, er ekki allt í lagi eða?

ÓLIVER

Þú ert nú meiri helvítis tíkin...

MÓÐIR

Nú hættir þú!

ÓLIVER

Hefurðu ekki lært neitt? Ha?! Ertu svona fokking heimsk í hausnum?

Móðir hans móðgast töluvert, augun hennar galopinn, hún kemur ekki upp orði. Hún byrjar að labba í burtu út úr eldhúsinu.

ÓLIVER (CONT'D)

Hvað, ætlarðu bara að fara?!

Óliver grípur í höndina á móður sinni.

MÓÐIR

Slepptu mér!

ÓLIVER
Fokking talaðu bara við mig!?

MÓÐIR
Slepptu!

Móðir hans SLÆR hann í andlitið, þannig að hann sleppir taki.

Hann starir á hana, hún til baka.

Hún er við það að tárast.

ÓLIVER
Dettur þér aldrei í hug að hugsa um hann, HA? áður en þú gerir eitthvað svona?

Mamma hans segir ekkert og labbar í burtu inn á klósett og læsir. Hann horfir eftir henni.

Óliver öskrar á eftir henni.

ÓLIVER (CONT'D)
Já! Og ég var "by the way" að missa vinnuna mína þannig að ef þú vilt halda áfram að búa hérna þá skaltu-
- Ertu að hlusta?!

Óliver missir skapið sitt og SLÆR lyklaskálinni við hlið hans á gólfið.

ÓLIVER (CONT'D)
Ég má aldrei gera neitt! Af því ég þarf alltaf að sjá um fokking rassgatið á þér!

SÍMINN hans HRINGIR.

Óliver tekur hann upp og horfir á hann.

19

INT/EXT. BÍLL, FYRIR UTAN SKÓLA - DAY

19

Við sjáum Óliver við stýrið, hann horfir út um gluggann og sér bróðir sinn sitja á viðurpallettum fyrir utan skólann, súr á svip.

Hann stoppar bílinn og bíður eftir Hrafni sem labbar í áttina að honum og fer inn í aftursætið. Hann hendir töskunni frá sér á gólfið og Óliver lítur á hann.

ÓLIVER
Hvað er í gangi?

Hrafn segir ekkert.

ÓLIVER (CONT'D)
Hrafn, veistu ég er bara ekki í
réttu skapinu...

HRAFN
Keyrðu bara.

ÓLIVER
Bíddu er skólinn búinn eða?

Hrafn svarar ekki.

Óliver tekur bílinn úr gír og setur hann í handbremsu.

ÓLIVER (CONT'D)
Hvað gerðist?

HRAFN
Ég er búinn að segja það--

ÓLIVER
Heldurðu að ég sjái ekki að það sé
eitthvað að? Ekki vera dónalegur
við mig.

Hrafn horfir niður og segir ekkert.

Óliver klórar sér aftan á hálsinum.

ÓLIVER (CONT'D)
Á ég að fara inn og tala við
kennaranna?

HRAFN
...nei.

ÓLIVER
Já, hvað viltu að ég geri þá?

HRAFN
Ég ætla að drepa þá.

Óliver hristir hausinn.

ÓLIVER
Hvað er í gangi?

Hrafn tekur út SÍMANN sinn og leggur hann á sætið, skjárin
er BROTTINN.

ÓLIVER (CONT'D)
Sjitturinn... Hrafn, hvað var ég búinn að segja?!

HRAFN
Þeir hætta ekki að gera grín af mér.

Óliver nær sér niður.

ÓLIVER
Hverjir eru að gera grín af þér?

HRAFN
Ég vill ekki segja það.

ÓLIVER
Afhverju ekki?

Beat.

HRAFN
Þeir sögðu að pabbi minn væri róni.

ÓLIVER
Ekki hlusta á þá Hrafn.

HRAFN
Hann er ekki pabbi þinn, þú veist ekki hvernig þetta er.

Óliver segir ekkert, horfir niður. Andar frá sér.

Allt í einu LEMUR Hrafn í bílstólinn.

ÓLIVER
Hey!

Hann LEMUR aftur.

ÓLIVER (CONT'D)
Hrafn! Hættu þessu! Núna!

Hrafn ÖSKRAR.

ÓLIVER (CONT'D)
Hrafn!

Hann hættir ekki.

Óliver fer út úr bílnum og inn aftur í, hann tekur í bróðir sinn og heldur honum að sér.

ÓLIVER (CONT'D)

Slakaðu á.

Hrafn er rauður í framan. Hann reynir að streitast gegn bróðir sínum en á endanum þá veit hann að hann getur ekki meir.

ÓLIVER (CONT'D)

Þetta er allt í lagi... þetta verður allt í lagi. Horfðu á mig... Ókei?

Við sjáum hönd Ólivers, á henni er SILFURKEÐJA.

MATCH CUT TO:

20

INT. HERBERGI, BÓKASAFN - DAY

20

Óliver fiktar í silfurkeðjunni sem liggur í kringum handlegg hans og horfir svo upp á bróðir sinn sem situr á móti honum með bók í hendi.

ÓLIVER

Er hún góð?

HRAFN

Ég er bara nýbyrjaður.

Beat.

ÓLIVER

Um hvað snýst hún?

HRAFN

Hún er um tvær manneskjur.

Segir hann og heldur áfram að lesa.

ÓLIVER

Ókei, og hvað... þússt... eru þær að gera?

HRAFN

Hver?

ÓLIVER

Þessar manneskjur.

HRAFN

Þau eru ástfangin.

ÓLIVER

Hmm...

Hrafn heldur áfram að lesa.

ÓLIVER (CONT'D)
Og... hvað gerist við þau?

HRAFN
Ég veit það ekki.

Beat.

ÓLIVER
Mætti ég spurja... afhverju þú
valdir þessa bók?

HRAFN
Ég er ekki perri.

Óliver hlær.

ÓLIVER
...nei, það hvarflaði ekki að
mér... ég var bara að þæla í hvort
að þú værir eitthvað byrjaður að...
þú veist...

Hrafn horfir upp á bróðir sinn.

ÓLIVER (CONT'D)
Þú veist.

Hrafn hristir hausinn.

Síminn hans Ólivers hringir, hann fer ofan í vasann sinn og
sækir símann.

ÓLIVER (CONT'D)
Bíddu hérna.

Hann stendur upp.

21 **INT. LISTASALUR, BÓKASAFN - CONTINUOUS**

21

Við horfum út á bókasafnið í gegnum inngang listasalsins.

ÓLIVER (O.S.)
Góðan daginn.

Óliver labbar inn í ramma í símanum.

ÓLIVER (CONT'D)
(í símann)
Já...svo sannarlega.

Óliver horfir inn í salinn, þírir augun.

ÓLIVER (CONT'D)
Mhm...Natan? Bíddu aðeins.

Óliver labbar inn í salinn og lítur í kringum sig, allskonar málverk, abstrakt. Sum litrík, sum ekki.

Hann stendur kyrr í miðju salsins, með símann niðri í hönd.

NATAN (V.O.)
Óliver?

Hann setur hann aftur upp að eyranu.

ÓLIVER
Já ég er hérna.

BACK TO:

22 **INT. HERBERGI, BÓKASAFN - CONTINUOUS** 22

Hrafn situr við borðið og les, hann leggur bókina niður og horfir í kringum sig.

Hann stendur upp og við eltum hann þar til að hann kemur að listasalnum.

23 **INT. LISTASALUR, BÓKASAFN - CONTINUOUS** 23

Hrafn horfir inn og sér bróðir sinn fyrir framan málverk, talandi í símann.

CUT TO:

Óliver starir á málverkið og klárar að tala í símann.

ÓLIVER
Ókei, ég sé þig á eftir. Ókei flott bæ.

Hrafn nálgast bróðir sinn.

HRAFN
Hver var þetta?

ÓLIVER
Þetta var...hann Natan.

HRAFN
Hvað var hann að segja?

ÓLIVER
 Hann sagði bara... allt gott.
 (beat)
 Eigum við að fara koma okkur?

HARD CUT TO:

24 **INT. BAÐHERBERGI, HEIMA - EVENING** 24

Óliver snýr hnappinum á blöndunartækinu og vatnið skvettist út og ofan í baðkarið.

Við sjáum ræsið neðst í baðkarinu, það lokast fyrir það og vatnið byrjar að safnast upp.

25 **INT. ELDHÚS, HEIMA - NIGHT** 25

Á eldhúsborðinu stendur diskur með plockfisk á, Hrafn stingur gaffalnum sínum í og smakkar.

Móðir hans situr við hlið og horfir á hann.

MÓÐIR
 Til hamingju með daginn elskan.

HRAFN
 Það er komið kvöld.

Mamma hans brosir.

MÓÐIR
 Viltu ekki fá þér rúgbrauð.

Hrafn hristir hausinn, neitandi.

Beat.

MÓÐIR (CONT'D)
 Hvar er bróðir þinn--
 (snýr sér)
 Óliver?! Það er matur!

Hrafn horfir í sömu átt og mamma sín.

CUT TO:

26 **INT. BAÐHERBERGI, HEIMA - CONTINUOUS** 26

Fætur Ólivers hanga upp úr baðkarinu, rólegt andrúmsloft.

Við sjáum haus hans liggja upp við gamaldags baðplötturnar á veggnum. Hann er með heyrnartól í eyrunum og við heyrum lauslega í rapptónlistinni sem að hann er að hlusta á. Snúran liggur rétt fyrir utan baðkarið.

Augun hans lokuð. Hann hlustar, slakar á.

BACK TO:

27

INT. ELDHÚS, HEIMA - CONTINUOUS

27

HRAFN

Kannski er hann sofandi.

Móðir hans horfir til baka.

MÓÐIR

Já, hann fær sér á eftir.

(beat)

Hvernig var í skólanum?

Hrafn sýnir óróleika í hreyfingum sínum.

HRAFN

Gaman.

MÓÐIR

Ókei, hvað gerðirðu?

Beat.

HRAFN

Fótbolta.

MÓÐIR

Já? Hvernig gekk?

HRAFN

Bara vel.

MÓÐIR

Það er nú gott.

Það er óþæginnlegt andrúmsloft á milli mæðginanna, móðir hans reynir að tengja við Hrafn en það virðist ekki ganga.

Hrafn er ekki að snerta diskinn sinn.

MÓÐIR (CONT'D)

Borðaðu meira.

HRAFN

Ég er saddur.

Hurðin að baðherberginu opnast.

MÓÐIR

Hrafn, þetta er ekki neitt sem þú ert búinn að borða.

HRAFN

Ég get ekki meir.

MÓÐIR

Elskan mín, borðaðu þetta.

Hrafn hristir hausinn, við heyrum í Óliver nálgast eldhúsið.

MÓÐIR (CONT'D)

Hrafn.

ÓLIVER (O.S.)

Mamma.

Móðir strákanna horfir yfir á Óliver sem stendur við inngang eldhússins, hann er ber að ofan og rakur.

ÓLIVER (CONT'D)

Hann er ekki svangur.

Mamma þeirra horfir með bitrum augum á Óliver.

Beat.

ÓLIVER (CONT'D)

Hrafn, þú mátt fara inn í herbergi að lesa.

Hrafn bíður í smá, en stendur svo upp og labbar frámhá bróður sínum.

...

MÓÐIR

Veistu það, ég er ekki frá því að þú sért orðinn eins og pabbi þinn.

Óliver starir á mömmu sína, eins og hann hafi ekki tekið inn ummæli hennar þó við vitum að það er ekki satt.

ÓLIVER

Ég er að fara, get ég treyst þér fyrir honum?

MÓÐIR

Óliver...þetta er sonur minn--

ÓLIVER

Já- og hvað? Það hefur ekki stoppað
þig hingað til.

Óliver talar með rólegum róm, ekki reiður heldur ögrandi.

Mamma hans sýnir lítil svipbrigði, hún er vonsvikin.

ÓLIVER (CONT'D)

Ég verð ekki lengi.

Óliver snýr sér við og labbar burt.

Mamma hans situr eftir.

28 **INT. BAÐHERBERGI, HEIMA - CONTINUOUS**

28

Óliver sprautar á sig rakspýra sem lekur svo niður á keðjuna hans.

Setur á sig svitalyktareyði.

Hann dregur fram box úr skápnunum með allskonar skarti. Hann tekur upp gullkeðju með MEDÚSU, neðst á keðjunni.

Hann klæðir sig í sokka.

Klæðir sig í buxur.

Hann stendur fyrir framan spegilinn í dökkblárra hettupeysu, svörtum buxum ásamt svörtum gallajakka og lagar sig til.

29 **INT. HERBERGI HRAFNS - CONTINUOUS**

29

Veggirnir rauðir, dauf lýsing inni.

Í hillunum eru allskonar bækur, Tom Clancy og Margaret Atwood.

Á veggjunum eru stór plaköt af uppáhalds myndum hans, Star Wars, Rocky og Interstellar.

Hrafn liggur uppi í rúmi og les bókina sína.

BANK á hurðinni, Hrafn horfir til hliðar og sér Óliver opna hurðina.

ÓLIVER

Er ég eitthvað að trufla?

HRAFN

Nei.

Óliver labbar inn og sest á skrifstofustól fyrir framan rúmið hans Hrafns.

ÓLIVER
Hvernig gengur með bókina?

HRAFN
Ég er að vera búinn.

ÓLIVER
Ókei...vel gert. Er hún góð?

HRAFN
Mhm...

ÓLIVER
Hvað er fólkið búíð að kyssast oft?

Segir hann og flissar.

Hrafn brosir.

HRAFN
Oft.

Beat.

Óliver dregur fram hálsmennið af MEDÚSU.

ÓLIVER
Varstu búinn að sjá þetta?

Hrafn grandskoðar hálsmennið.

HRAFN
Hver er þetta?

ÓLIVER
Medúsa.
(beat)
Hún er úr grískri goðafræði...

HRAFN
Var það hún sem að breytti öllum í stein?

ÓLIVER
Mhm...

Hrafn horfir á hana.

HRAFN
Afhverju ert þú með hana?

ÓLIVER
Mér fannst hún bara kúl.

Hrafn hallar sér aftur.

Óliver brosir til hans.

ÓLIVER (CONT'D)
Ég er að fara, ókei?

HRAFN
Hvert?

ÓLIVER
Afmæli.

Hrafn lokar bókinni sinni og horfir á Óliver.

HRAFN
Hver á afmæli?

ÓLIVER
(brosandi)
Greinilega fleiri en þú.

Hrafn brosir og horfir niður.

ÓLIVER (CONT'D)
Einhver vinur hans Natans, hann á
afmæli á miðnætti.

Hrafn kinkir kolli.

ÓLIVER (CONT'D)
Verður í lagi með þig?

HRAFN
Já.

ÓLIVER
Ókei, hvar er síminn þinn?

Hrafn fer undir sængina sína og sækir brotna símann, hann
leggur hann á sængina.

ÓLIVER (CONT'D)
Ef það er eitthvað, bara hvað sem
er...þá hringirðu. Ókei?

HRAFN
Ókei.

ÓLIVER
Ókei, flott...hérna knúsaðu mig.

Óliver hallar sér áfram og knúsar bróðir sinn.

CUT TO:

30 **INT. GANGUR, HEIMA - CONTINUOUS** 30

Óliver lokar hurðinni og horfir niður, efast í smá stund hvort að hann eigi að skilja bróðir sinn eftir. En gengur svo af stað.

Óliver stoppar fyrir framan stofuna og horfir yfir til móður sinnar sem situr og horfir á sjónvarpið.

Hann starir á hana, hún starir til baka með sígarettu í höndunum.

Hann labbar í burtu.

Móðir hans virðist áttavillt, við sjáum það í augum hennar.

Hurðin í anddyrinu skellist...

HARD CUT TO:

31 **EXT. BREIÐHOLT - NIGHT** 31

Það er dimmt úti og hljóðlát.

Við sjáum tré umlykja gamalt og illa farið strætóskýli ásamt öðrum fallegum sjónum.

32 **EXT. GANGSTÉTT - NIGHT** 32

Ólöf (20) og Agnes (20) labba hlið við hlið undir ljósastaurunum í myrkrinu. Agnes með vodka flösku í höndinni og tekur sopa af stút.

ÓLÖF
(hlægjandi)
Agnes hættu þessu.

AGNES
Hvað?

ÓLÖF
Ég nenni ekki að fara að fylgjast með þér í allt kvöld sko...

AGNES
(hneyksluð)
Ólöf...ertu að djóka?

ÓLÖF

Nei.

AGNES

Þú þarft ekkert að sjá um mig, hver heldurðu að ég fokking sé eiginlega?

Ólöf, hristir hausinn-- hlær að vinkonu sinni.

ÓLÖF

Viltu að ég segi það upphátt?

Beat.

AGNES

Nei helst ekki.

ÓLÖF

Nei nákvæmlega.

Þær skellihlægja.

33

INT. ELDHÚS/STOFA, PARTY - NIGHT

33

HÁ HIP-HOP tónlist bergmálast um íbúðina.

ÍSSKÁPURINN opnast og við sjáum feminíska hendi draga út eitthvað sem lítur út eins og Breezer.

CUT TO:

Tvær stelpur tala saman, standandi upp við vegg.

CUT TO:

Strákur við "Beer Pong" borð heldur kúlunni upp við andlit sitt og kastar henni, boltinn lendar á glasi en skoppar svo framhjá. Strákarnir við hlið hans hlægja með honum.

CUT TO:

NATAN (20) snyrtilegur strákur með sítt hár og í hvítum bol undir ljósbrúnri skyrtu situr í sófanum og horfir á strákanna. Hann tekur sopa úr rauðu plastglasi.

Hann horfir í kringum sig, leitandi að einhverjum.

ÓLIVER (O.S.)

Daginn.

Natan horfir til vinstri og sér vin sinn nálgast, Óliver sest við hlið hans.

NATAN

Já, góðan daginn...þú varst ekkert að flýta þér?

ÓLIVER

Nei, ég var ekkert að stressa mig sko.

NATAN

Nei það sést.

ÓLIVER

Hvað er Agnes ekki með þér eða?

NATAN

Jú...eða hún er á leiðinni.

ÓLIVER

Geggjað.

NATAN

Gæti misja verið að hún sé með vinkonu sína með sér.

Natan og Óliver horfa á hvorn annan.

Natan gefur eitthvað í skyn.

ÓLIVER

Já? Flott hjá henni.

NATAN

Hvað ertu eitthvað bitur eða?

Óliver hlær.

ÓLIVER

(hlægjandi)

Nei, bara alls ekki sko.

Natan kinkar kolli. Hallar sér aftur.

NATAN

Ég veit ekki einu sinni afhverju við vorum að koma hingað... þetta fólk er eitthvað annað fokking skrítið sko.

ÓLIVER

Bíddu þekkirðu ekki gajann eða?

NATAN

Hvern?

ÓLIVER

Giskaðu.

Hurðin að íbúðinni opnast.

NATAN

Nei, einhver vinur Agnesar.

ÓLIVER

Já, frábært.

AGNES (O.S.)

Smári!

Natan horfir yfir til Agnesar sem að var að labba inn ásamt Ólöfu. Hann sér hana knúsa Smára, afmælisbarnið.

Natan hallar sér fram, setur höndina fyrir andlitið.

NATAN

Shit...

Óliver hlær.

ÓLIVER

Hvað?

NATAN

Hún er...
(andar frá sér)
jæja.

Segir Natan, stendur upp og labbar að anddyrinu.

ÓLIVER

Hva?

Óliver horfir á eftir honum, en snýr sér svo að strákunum sem eru að spila "Beer Pong".

Hann fylgist með þeim í smá og--

ÓLÖF (O.S.)

Má ég sitjast?

Óliver horfir upp á Ólöfu, hann virðist smá hissa.

ÓLIVER

Já...já auðvitað.

Hún sest við hlið hans.

ÓLÖF

Takk.

Óliver horfir til hliðar aftur áður en hann kemur upp orði

ÓLIVER
Hvað er í gangi þarna?

Segir Óliver í léttum róm og bendir með hausnum í áttina að eldhúsinu.

ÓLÖF
Æj bara Agnes eitthvað-- æj ég veit ekki.
(beat)

ÓLIVER
Mölvuð?

ÓLÖF
Já, skulum bara segja það.

Segja þau og hlægja.

Smá vandræðaleg þögn.

ÓLÖF (CONT'D)
Ertu í skóla með Natani eða?

ÓLIVER
Nei ég er bara að vinna...svona bara basic stuff skoo...

ÓLÖF
(forvitin)
Já?...ókei.

ÓLIVER
Mhm...
(beat)
Hvernig... þekkir þú gæjann, eða þúst afmælis... gæjann-- strákinn.

Segir Óliver og flissar vandræðalega.

ÓLÖF
Ég bara þekki hann ekki neitt sko, ég er bara hérna útaf Agnesi.

ÓLIVER
Já...ókei, velkomin í klúbbinn þá.

Segir hann og flissar vandræðalega.

ÓLÖF
Þetta er alveg harkalegt "small talk" hérna hjá okkur.

Ólive byrjar að hlægja.

ÓLIVER
(flissandi)
Já veistu, ég ætlaði ekki að
minnast á það, en....

Ólöf flissar á móti.

ÓLIVER (CONT'D)
Ég heiti Óliver by the way, vinur
Natans...og Agnesar auðvitað.

ÓLÖF
Já hún sagði mér einmitt að sitjast
hjá þér.

Óliver hristir hausinn upp og niður í vonsvikni.

ÓLIVER
Já, næs.

ÓLÖF
Ekki að ég hefði ekki gert það sko,
ég bara-- ertu ekki að drekka eða?

Óliver hristir hausinn

ÓLIVER
Neee...það er...ekki fyrir mig sko.

ÓLÖF
Nei sama hér...
(beat)
Þú sennilega reykir þá ekki heldur?

ÓLIVER
(flissandi)
Nei, svo sannarlega ekki. Hvað,
ætlaðirú kannski að bjóða mér í
sígó eða?

ÓLÖF
(kaldhæðni)
Já veistu ég var svona að pæla í
því.

Þau hlægja bæði tvö.

CUT TO:

34 **INT. HERBERGI, PARTÝ - CONTINUOUS**

34

Hvítur veggur.

Óliver skallar hann er hann bakkar upp að honum.

ÓLÖF
Ó fokk er í lagi með þig?

Óliver svarar með vandræðalegum tón.

ÓLIVER
Jibb, já...allt í lagi.

ÓLÖF
Ókei.

Ólöf kyssir hann á munninn og þau halda hvorum öðrum nálægt sér.

Við sjáum fætur þeirra á parketinu, hann í GÖMLUM RIFNUM vans skóm og hún í nýjum hvítum.

Við sjáum Ólöfu, hún bakkar smá frá Óliver eftir kossinn og brosir til hans.

Óliver starir á hana.

ÓLIVER
Uhhh...--

ÓLÖF
(brosandi)
Þú veist alveg að þú þarft ekki að segja neitt sko.

ÓLIVER
Er það svoleiðis? Sorrý, ég kann ekki reglurnar.

Ólöf brosir og kyssir hann aftur.

Þau kyssast í smá þar til...

SÍMINN HANS ÓLIVERS HRINGIR.

Óliver truflast við hljóðið og horfir niður á vasann sinn.

ÓLÖF
Hvað?

ÓLIVER
Æj, sorrý.

Óliver tekur símann úr vasanum og sér að MAMMA hans er að hringja.

Hann andar frá sér.

ÓLIVER (CONT'D)

Ahh, Fokk.

ÓLÖF

Hvað? Er mamma þín að leita að þér?

Segir Ólöf, með húmor í röddinni.

ÓLIVER

Nei þetta er-- ah shit. Sorry ég þarf bara 5 mínútur... bara rétt að hlaupa fram.

Ólöf horfir á hann, smá skelkuð en hún vill gefa honum tækifæri.

ÓLÖF

Ókei, ekkert mál.

ÓLIVER

Ég verð í enga stund...ég lofa.

Segir hann og labbar að hurðinni, opnar hana og lokar á eftir sér.

Ólöf horfir á eftir honum.

35

INT. GANGUR, PARTÝBLOKK - NIGHT

35

Gangurinn er auður, við heyrum léttilega í tónlistinni inni frá íbúðinni.

Við sjáum nærmynd að Óliver er hann labbar niður ganginn. Hann fiktar í símanum og setur hann upp að eyra sínu. Hann labbar í enda gangsins og snýr sér svo við, órólegur.

ÓLIVER

Fokking svaraðu.

Það fer í TALHÓLF.

ÓLIVER (CONT'D)

Shit. Fokk.

Hann reynir aftur. Ekkert svar.

Óliver horfir í áttina að íbúðinni, og svo í áttina að útgangnum.

Hann hristir hausinn.

CUT TO:

36

EXT. GANGSTÉTT - NIGHT

36

ÓLIVER (Í SÍMA)
Natan? Heyrirðu í mér?-- Halló? Ég
þurfti aðeins að hlaupa geturðu
sagt við Ólöfu að--

Skellist á.

ÓLIVER (CONT'D)
Jesús fokking-

Óliver labbar rösklega niður gangstétt á milli þéttra
húsaraða, tré og ljósastaurar umlykja hann.

Við fylgjum honum í smá þar til að síminn hans HRINGIR.

Hann stoppar, tekur símann upp úr vasanum og horfir á hann.

MAMMA er að hringja.

Óliver svarar.

ÓLIVER (CONT'D)
Afhverju svararðu ekki í andskotans
símann þegar ég er að hringja?

Hann gefur mömmu sinni ekki tíma til að svara.

ÓLIVER (CONT'D)
Mamma? Hvað er í fokking-- þú ert
alveg í því að gera mig stressaðan
alltaf, hversu erfitt er að svara
þegar ég hringi til. fokking. baka?
(beat)
Mamma?

Við heyrum í lágum stunum, móðir hans grætur í gegnum símann.

Svipbrigði Ólivers breytast um leið.

ÓLIVER (CONT'D)
Mamma?
(beat)
Ertu grátandi?

Mamma hans á erfitt með að koma upp orðum en hún virðist vera
reyna segja nafn Ólivers.

ÓLIVER (CONT'D)

Mamma?
(beat)
Mamma...

Við snúumst í kringum Óliver, hann verður áttavilltari með hverju hljóði frá móður hans.

Hún SKELLIR Á.

Við heyrum í tóninum.

ÓLIVER (CONT'D)

Mamma?

Beat.

ÓLIVER (CONT'D)

Mamma! Fokk!

Óliver öskrar og slær í símann sinn.

37 **INT. ANDDYRI BLOKK, HEIMA - NIGHT** 37

Póstkassarnir, dyrabjallan, og skrítið ker sem fyllt er með steinum standa í anddyrinu.

38 **INT. GANGUR BLOKK, HEIMA - CONTINUOUS** 38

Þögn, við sjáum í gegnum glugganna á ganginum út í myrkrið.

CUT TO:

Lyftuhurðin byrjar að opnast og Óliver labbar út alvarlegur á svip, við fylgjum honum að hurðinni.

39 **INT. ANDDYRI, HEIMA - NIGHT** 39

Hurðin að íbúðinni opnast og Óliver gengur inn í anddyrið, smá móður eftir gönguna til baka.

ÓLIVER

Mamma?

Hann klæðir sig ekki úr skónum heldur labbar inn og í áttina að stofunni.

40

INT. STOFA, HEIMA - CONTINUOUS

40

Við sjáum Óliver koma handan við hornið og horfa í áttina að stofunni, áhyggjusvipur hans breytist fljótt í ótta.

Hann labbar hægt, stoppar.

ÓLIVER

Mamma?

Við sjáum inn í stofuna.

Móðir hans situr í rauðum sófa, með hendur fyrir andliti og skelfur. ARNAR (**Maðurinn í bílnum**) krýpur fyrir framan hana, hann horfir yfir til Ólivers.

Óliver stendur handan við stofunna. Horfir í kringum sig.

ÓLIVER (CONT'D)

Hvað er í gangi?

Þögn.

ÓLIVER (CONT'D)

Mamma?

Við sjáum nærmynd af móður hans sem að heldur ennþá höndum fyrir andliti sínu, við sjáum glitta í nokkur tár. Hendur hennar eru rauðar, illa farnar.

Móðir hans muldrar, raddbönd hennar eru æst og við skiljum ekki hvað hún segir.

Óliver labbar hratt í áttina að henni og við eltum hann.

ÓLIVER (CONT'D)

Mamma.

ARNAR

Óliver, bíddu aðeins.

ÓLIVER

Hver í fokkanum heldurðu að þú sért?

Hann krýpur á hné fyrir framan hana, ýtir Arnari til hliðar og sjáum við andlit þeirra bæði þekja skjáinn, sakleysi Ólivers og sektarkennd móður hans.

Þögn á hennar hálfu. Við heyrum bara í slefi frá óttaslegnu andliti hennar.

ÓLIVER (CONT'D)

Mamma, talaðu við mig.

Muldur, óskiljanlegt.

Arnar stendur fyrir ofan þau og horfir niður.

ÓLIVER (CONT'D)
Hvar er Hrafn?

Þögn.

Óliver rífur hendur hennar frá andlitinu og horfir djúpt í augun á henni þó hún reyni að forðast augnsamband.

Hún horfir niður og heldur áfram að skelfa.

ÓLIVER (CONT'D)
Mamma, hvar er hann?

MÓÐIR
Þeee--þeetó---

ÓLIVER
Hvað ertu að segja?

Óliver talar með ró í röddinni.

MÓÐIR
Þee-ko--mé--égég

Óliver horfir til hliðar á Arnar.

ÓLIVER
Ætlar þú að segja mér hvað er í gangi?

ARNAR
Ég--

Óliver drífur sig á fætur og ýtir Arnari upp við borðið sem stendur við hlið hans.

ÓLIVER
Ert þetta fokking þú eða? Ert það þú sem ert að gefa henni þetta rugl?

ARNAR
Óliver hættu þessu rugli.

ÓLIVER
Hvar er Hrafn?

Arnar horfir niður á jörðina.

Óliver snýr sér að stofuborðinu, hann sér töflur ásamt dufti á jörðinni, við hlið brotna glersins.

Hann fer aftur niður að móður sinni.

ÓLIVER (CONT'D)
Ertu í vímu? Ha?

Mamma hans hristir hausinn, hendurnar með.

MÓÐIR
--Nei.

ÓLIVER
Hættu að fokking ljúga að mér!
Endalaust! Hvar er hann?!

MÓÐIR
...Ég...veit að þeir myndu aldrei
meiða hann. Ég veit það--

Óliver snýr hausnum sínum, við heyrum röddina hans byrja að bresta.

ÓLIVER
Hvað ertu að tala um?... mamma...

MÓÐIR
Þeir--myndu...

Óliver missir það og SLÆR í sófann.

ÓLIVER
Svaraðu mér! Hættu þessu helvítis
rugli?! Hvar er hann! Hvar er
hann!?

MÓÐIR
Þetta...var bara smá greiði-- ég
skulda þeim bara smá. Bara pínku--

ÓLIVER
FOKK!

Óliver þýtur upp og við sjáum nærmynd af andliti hans, það nálægt að við sjáum tilfinningasveiflurnar.

ÓLIVER (CONT'D)
Hvað er í fokking gangi hérna? Ha?
Hvar er bróðir minn?

MÓÐIR
Þeir-- sögðu--að

ÓLIVER
Hvað í fokkanum ertu að tala um?
HA?!

Óliver snýst í hringi, við sjáum ekkert nema nærmynd af þeim báðum.

ÓLIVER (CONT'D)
Þú þarft að hætta þessu kjaftæði
núna! Og byrja að tala skýrt.

ARNAR
Óliver!

Mamma hans segir ekkert horfir bara niður.

ÓLIVER
HEI! Ertu að hlusta?

Hún skelfur ennþá meira.

ÓLIVER (CONT'D)
Nei þetta gengur ekki, ég ætla að
hringja í lögguna...

Óliver byrjar að labba í burtu.

ARNAR
Óliver hlustaðu á mig!

Óliver stoppar, horfir yfir til Arnars.

ÓLIVER
Já hvað? Hvað ætlarðu að fokking
segja?

ARNAR
Mamma þín...hún er í smá skuld.

Óliver róar sig niður.

ÓLIVER
Hvar í...fokkanum er hann?

Óliver snýr hausnum sínum í ringulreiði, setur hendunar fyrir andlitið.

ARNAR
Mennirnir sem hún skuldar...Óliver
ertu að hlusta?

ARNAR (CONT'D)
Mennirnir sem hún skuldar, þeir
vildu fá Hrafn.
(MORE)

ARNAR (CONT'D)

Hann er ungur, hann getur smyglað,
dílað... léttilega...Til að borga
upp skuldina.

Óliver SLÆR í myndaramma sem stendur við hlið hans á
skeinknum.

Hann reynir að ná sér niður en á erfitt með það.

Óliver byrjar að tárast í allri reiðinni.

Hann horfir yfir á móður sína. Hún horfir til baka.

ÓLIVER

(með tár í augum)

Þú ert einskis virði, hmm... ertu
að heyra það sem ég er að segja?

ARNAR

Óliver...

ÓLIVER

Hver í fokkanum ert þú til að segja
mér um? Ha?!

ARNAR

Hún er búinn að segja mér hvar hann
er.

Óliver stoppar.

Beat.

ÓLIVER

Ókei, hvar er hann?

ARNAR

Slakaðu fyrst á, við getum farið
sótt hann núna en þú verðu að róa
þig.

...

ÓLIVER

Og afhverju ætti ég að trúa orði
sem þú segir?

Óliver starir á Arnar, og svo á móður sína.

Labbar svo í burtu.

...

41 **INT. BÍLL, VEGUR AÐ HÚSI - NIGHT** 41

Við sjáum út úr gluggan á bílnum, nóttin er dimm.

Þröng gata og runnar beint fyrir utan rúðunna.

Óliver horfir út um gluggan og keyrir rólega.

ARNAR

Farðu bara beint áfram og þegar þú kemur í endann farðu þá til hægri.

Óliver segir ekkert og keyrir áfram.

Hann kemur að gatnamótum og beygir til hægri, hann horfir gáfulega til hliða og reynist varkár.

ARNAR (CONT'D)

Og hérna út í enda, húsið er hægra megin.

ÓLIVER

Og hvað? Á ég bara að leggja fyrir utan?

ARNAR

Já.

42 **EXT. HÚS, ÞINGVELLIR - NIGHT** 42

Við sjáum götuna að ofan.

Fallegt, gamalt hús með glerkúlu stendur í enda göturnar.

Við sjáum bíl Ólivers keyra upp að því og stoppa.

43 **INT. BÍLL, ÞINGVELLIR - CONTINUOUS** 43

Óliver horfir áfram á húsið.

Arnar horfir á húsið og svo Óliver.

ARNAR

Óliver, bíddu hérna.

ÓLIVER

Nei, neineineinei.

ARNAR

Hvað?

ÓLIVER
Líklegt að ég sé að fara að fara
fokking treysta þér.

ARNAR
Óliver hlustaðu á mig, þetta eru
menn sem þú veist ekkert um. Þetta
er ekki tími til að vera heimskur.

Beat.

ÓLIVER
Fokkaðu þér.

ARNAR
Óliver...Hlustaðu--

Óliver opnar hurðina að bílnum sínum og labbar út, hann
skilur hann eftir í gangi með ljósin kveikt.

ARNAR (CONT'D)
Andskotans...

44

EXT/INT. HÚS, ÞINGVELLIR - CONTINUOUS

44

ATH. ÞESSI SENA ER EITT LANGT SKOT

Óliver labbar í áttina að húsinu, en Arnar kemur rétt á eftir
honum rösklega.

ARNAR
(hvíslandi)
Óliver...! Stoppaðu.

Óliver labbar áfram.

Arnar nær honum og tekur í öxl hans.

Óliver er fljótur að losa sig við hönd hans.

ÓLIVER
Hvað?! Hvað í fokkanum viltu?

ARNAR
Geturðu slakað aðeins á? Ha?

ÓLIVER
Sérðu ekki ljósið eða?

Óliver bendir í átt að hliðarinnangangi á húsinu. Ljósið skín í
gegnum dyrnar.

ARNAR

Og hvað? Ætlarðu bara að banka á hurðina?

ÓLIVER

Kannski er hann þarna inn að bíða eftir mér? Hefurðu hugsað útí það? Ég hef ekki grænan grun um í hvaða standi hann er...Þannig já ég ætla að banka á foking hurðina.

Óliver labbar í áttina að hurðinni.

Arnar labbar á eftir honum.

ARNAR

Og hvað...hvað ætlarðu að segja?

Óliver BANKAR á hurðina.

Arnar labbar upp að honum og standa þeir tveir saman fyrir utan hurðina.

ARNAR (CONT'D)

Ha?

Óliver svarar ekki.

Strákarnir bíða í smá.

Óliver leyfir óþolinmæðinni að taka yfir og tekur í hurðarhúnninn.

ARNAR (CONT'D)

Óliver ég er að biðja þig um að fara ekki þangað inn.

Óliver hlustar ekki á hann og labbar inn.

ÓLIVER

Það er enginn hérna.

Arnar hristir hausinn og veit að hann þarf að elta hann.

ARNAR

Óliver.

Óliver kemur að stiga sem fer beint upp og inn í húsið.

ARNAR (CONT'D)

Óliver?

Óliver snýr sér að Arnari.

ARNAR (CONT'D)

Ég ætla að bíða hérna, ef ég sé einhvern, þá kalla ég á þig, Ókei?

Óliver kinkar kolli.

ARNAR (CONT'D)

Passaðu þig.

Óliver snýr sér að tröppunum og byrjar að labba upp.

Gangurinn er þröngur en framundan er ljós.

Hann labbar hægt og rólega og heyrum við í fótum hans dynja með hverju einasta skrefi. Hann horfir fyrir bakvið sig á Arnar og aftur fram.

Hann kemur upp á hæðina og horfir í kringum sig. Gangurinn er stuttur, 2 herbergi. Óliver labbar til vinstri í áttina að fyrsta herberginu, varkárlega.

Hann kemur að fyrsta herberginu, lítur inn.

Ekkert, tómt.

Hann andar frá sér og horfir til baka að herbergi númer tvö.

Hann labbar í áttina að því.

ARNAR (O.S.) (CONT'D)

Er hann þarna?

ÓLIVER

Bíddu.

Hann kemur að herbergi númer tvö og lítur inn.

Herbergið er langt, með eldhúsinnréttingum. Óliver labbar inn til hægri og horfir ofan á eldavélina.

MÖRG HUNDRUÐ PAKKAR af kókaíni, ásamt öðrum töflum og peningaseðlum.

Óliver horfir á pakkningarnar og undrar.

Hann horfir út á gang og byrjar að labba þangað.

Úti á gangi er einn stigi í viðbót sem leiðir upp á háaloft. Stiginn er brattur og gamall.

Óliver tekur í handriðið og labbar upp stigann.

ARNAR (O.S.)

Óliver!

Óliver lítur ekki við.

ARNAR (O.S.) (CONT'D)
Óliver ég sé bíl koma, drullaðu þér
niður! Núna!

Óliver kemur upp á háaloft.

Rýmið er þröngt, veggirnir eru illa fóðraðir og stutt er til
lofts.

ÓLIVER
(hvíslandi)
Hrafn!... Hrafn!... Shit!

Óliver snýr sér við í áttina að stiganum.

Hann ÖSKRAR frá sér og FELLUR á jörðina.

Í hinum endanum á háaloftinu er MAÐUR á miðaldri. Hann er
fastur við timbur og ALBLÓÐUGUR í framan.

ÓLIVER (CONT'D)
Shit... shit! Shit...shitshit..

ARNAR (O.S.)
Óliver!

ÓLIVER
Fokk...fokk...fokk...

Óliver kúgast en hraðar sér á lappir og drífur sig niður
stigann.

LOGI (O.S.)
HEYRÐU!

Við heyrum öskur í ókunnugum manni. LOGA.

Óliver kemur niður á hæðina fyrir neðan og sér ARNAR ásamt
tveimur mönnum LOGA og RÚNARI.

Logi heldur Arnari upp við vegginn með hníf og Rúnar stendur
við hlið hans.

LOGI (CONT'D)
Hvað í fokkanum ertu að gera!? Ha?!

Óliver stendur við dyragáttina í herbergi tvö og starir á
menninna.

LOGI (CONT'D)
Ætlaðu ekki að fokking svara mér?!

ARNAR

Heyrðu vinur slepptu hnífnum ha?,
getum við ekki bara talað saman?

LOGI

Hvað ertu að gera hérna?! Hm?

ARNAR

Settu hnífinn hniður og ég skal
segja þér það.

Logi lemur Arnar í andlitið.

Rúnar tekur í Arnar og dregur hann inn í herbergi eitt. Logi
fylgir þeim.

ARNAR (CONT'D)

Hey! Hey! Hey!

Óliver horfir niður á útganginn og sér HRAFN. Sem labbar inn
með bakpoka á bakinu.

Augun hans Ólivers galopnast.

Hann hleypur yfir ganginn að stiganum.

ÓLIVER

Hrafn! Hlauptu! Núna!

Við heyrum í mönnunum að ofan.

LOGI

Rúnar!!

Fótskref fyrir ofan dynja.

Óliver kemur að bróðir sínum og ýtir honum út.

45

EXT. HÚS, ÞINGVELLIR - CONTINUOUS

45

Óliver dregur bróðir sinn á eftir sér.

ÓLIVER

Farðu frammí! Fljótur!

Hrafn gerir það sem bróðir hans segir og fer fram í bílinn og
lokar hurðinni.

Óliver sest inn í bílinn sem er ennþá kveikt á og við sjáum í
gegn um framrúðunna.

RÚNAR, stórvaxinn maður í svörtum áklæðum hleypur í áttina að
bílum hans.

RÚNAR
Stoppaðu! Heyrðu!

Óliver setur bílinn í bakkgír og bakkar á fullum hraða út af stæðinu.

ÓLIVER
Spennu þig í belti Hrafn! Núna!

HARD CUT TO:

46 **EXT. ÞINGVALLAVEGUR, UTANVEGAR - NIGHT** 46

Við sjáum malarveg upp við skóg. Það er hljótt, dimmt og trén feikjast fram og aftur.

Það líður ekki að löngu þar til að við sjáum bíl keyra framhjá, beygja inn, stöðva og slökkva á sér.

47 **INT. BÍLL ÓLIVERS, ÞINGVALLAVEGUR - NIGHT** 47

Óliver horfir niður, agndofa, uppgefinn.

Bróðir hans situr afturí, bakpoki við hlið hans.

HRAFN
Er allt í lagi?

Óliver kinkar kolli, hann hallar sér áfram upp að stýrinu. Hálf manískur hann talar við sjálfan sig.

ÓLIVER
(hvíslandi)
Hvað er í gangi, hvað er í gangi...

HRAFN
Óliver?

ÓLIVER
Já...er í lagi með þig?

HRAFN
Já.

Beat.

ÓLIVER
Gott.

Beat.

Óliver brestur í reiði og LEMUR í stýrið.

ÓLIVER (CONT'D)
Fyrirgefðu...fyrirgefðu.

Óliver tárast.

ÓLIVER (CONT'D)
Hrafn...

HRAFN
Já.

ÓLIVER
Fyrirgefðu.

HRAFN
Ég ætlaði ekki að gera neitt.

ÓLIVER
Ég veit kallinn minn...ég veit...
ég veit.

HRAFN
Getum við farið heim?

Óliver kveikir á rafmagninu, hann horfir á skjáinn á bílnum og ýtir á hann.

PHONE - CALL HISTORY - MAMMA

ÓLIVER
Svaraðu...svaraðu...svaraðu...

48 **INT. BAÐHERBERGI, HEIMA - NIGHT**

48

Við heyrum í vaskinum renna.

Síminn hennar mömmu liggur við hliðina á krananum, Óliver er að hringja. Við sjáum mynd af honum á símanum þar til að hann hættir að hringja.

BACK TO:

49 **INT. BÍLL ÓLIVERS, ÞINGVALLAVEGUR - NIGHT**

49

Óliver starir á skjáinn á bílnum.

Vonlaus.

HRAFN
Hvert erum við að fara?

Óliver horfir áfram í gegnum glerrúðunna.

50 **EXT. VERKSTÆÐI - NIGHT** 50

Við erum niður við jörðu og við sjáum bílastæðið fyrir utan verkstæðið sem Óliver vinnur á.

Bíllinn hans keyrir upp að verkstæðinu og leggur fyrir utan.

Óliver slekkur á bílnum og við sjáum fætur hans snerta jörðina.

HRAFN

Afhverju getum við ekki farið heim?

ÓLIVER

Hrafn, þú verður bara að hlusta á mig núna og hlýða mér, ókei?

HRAFN

Ókei.

Við heyrum í Óliver setja lykil í hurðina og opna hana.

Hurðin lokast á eftir þeim.

51 **INT. BÍLL ÓLIVERS, VERKSTÆÐI - NIGHT** 51

Síminn hans Ólivers liggur í hólfinu fyrir neðan miðstöðina.

Hann byrjar að **PÍPA**

FIND MY IPHONE ALERT

52 **INT. SKRIFSTOFA, VERKSTÆÐI - NIGHT** 52

Óliver labbar ásamt bróður sínum inn á skrifstofu verkstæðisins.

Inni eru nokkur skrifborð ásamt stólum og tölvum.

ÓLIVER

Komdu...sestu niður.

Óliver bendir á skrifstofustól, Hrafn sest á hann.

Óliver sest andspænis bróður sínum, horfir á hann.

Hann andar út.

ÓLIVER (CONT'D)

Ég ætla vera alveg hreinskilinn við þig Hrafn.

(horfir til hliðar)

(MORE)

ÓLIVER (CONT'D)
 Ég veit ekki hvað ég á að gera.
 Við.
 (beat)
 Hvað...--

Óliver kemur ekki upp orði.

HRAFN
 Getum við ekki bara farið heim--

Óliver brosir-- bróðir hans skilur hann ekki. Brosið breytist fljótt í reiði og hann SLÆR í skrifborðið, Hrafn bregður.

ÓLIVER
 Ertu ekki búinn að vera hlusta á mig?! Ha?! Hvað þarf ég að gera?!

HRAFN
 Fyrirgefðu.

ÓLIVER
 Hættu bara, ókei?-- Hættu að væla, hættu að vorkenna sjálfum þér. Ef að ég á að gera eitthvað í þessu þá verður bara að hlusta á mig?! Skilurðu ekki eða?!

Beat.

HRAFN
 Jú.

Óliver setur höndina yfir andlit sitt.

ÓLIVER
 Fokk, fokk!...Hrafn-- fyrirgefðu, hausinn minn er bara--
 (tárast)
 Þetta er svo fucked.

Hrafn byrjar að gráta.

Óliver lítur á hann.

HRAFN
 (grátandi)
 Mig langaði ekki að gera þetta.

ÓLIVER
 Hey, hey ekki gráta. Hrafn-- ég veit-- fokk, fyrirgefðu kallinn minn.

HRAFN
 (grátandi)
 Mamma, það mig bara um að hjálpa
 henni-- og...og...

Óliver gefur fram hönd sína.

ÓLIVER
 Hlustaðu á mig...Hrafn...Hrafn

Hrafn horfir upp.

ÓLIVER (CONT'D)
 Taktu í höndina mína.

Hrafn gerir það.

Bræðurnir horfa hvorn á annan, með rauð, tárug augu.

ÓLIVER (CONT'D)
 Ég lofa, ég lofa að þetta verður
 allt í lagi. Ókei? Ertu að hlusta?

Hrafn kinkar kolli.

ÓLIVER (CONT'D)
 Við verðum bara saman, við tveir...
 og við bara-- þetta reddast. Þetta
 reddast allt. Veistu... við þurfum
 hana ekki...
 (beat)
 Við þurfum hana ekki, ókei?

HRAFN
 Hverja?

Óliver tekur í hausinn hans Hrafns og færir hann nær hausnum sínum.

Beat.

ÓLIVER
 Ég ætla að hringja í lögguna ókei,
 og þeir ætla að koma--

Hrafn horfir niður.

ÓLIVER (CONT'D)
 Hey...Hey?

Hrafn horfir upp.

ÓLIVER (CONT'D)
 Þeir hjálpa okkur með þetta-- Þeir
 hjálpa okkur. Ókei?

HRAFN
 Ókei.

Óliver kinkar kolli.

Hann færir hönd sína niður að vasanum, þreifir á honum
 ENGINN SÍMI.

Óliver horfir niður, heldur áfram að þreifa.

ÓLIVER
 Hrafn?

HRAFN
 Já.

ÓLIVER
 Hvar er síminn þinn?

Hrafn horfir á bróðir sinn, áttavilltur.

HRAFN
 Ég er ekki með hann.

Óliver snýr hausnum sínum í ringulreiði.

Beat.

ÓLIVER
 Hvar er hann?

HRAFN
 Þeir tóku hann.

Óliver ruggar hausnum fram og til baka.

ÓLIVER
 Hvað hérna... Ókei.
 (beat)
 Ókei... bíddu hérna. Ekki fara
 neitt.

Óliver stendur upp og labbar út úr skrifstofunni. Hann labbar
 framhá baðherbergjunum og í áttina að útgangnum. Við fylgjum
 honum alla leið.

Hann fer að koma að útgangnum þegar að...

HURÐIN AÐ VERKSTÆÐINU OPNAST.

Inn labba LOGI og RÚNAR

ÓLIVER (CONT'D)

Shit.

Óliver snýr sér við í hraði og stefnir í áttina að verkfærunum.

LOGI

Stoppaðu þarna!

Óliver heldur áfram, byrjar að hlaupa í áttina að vinnuborðunum.

Við heyrum harðan andardrátt.

Hann rekst í trjádrumba, rafmagnsskápa sem standa í veg fyrir honum.

Hann snýr sér í áttina að skrifstofunni.

ÓLIVER

Hrafn!

Hann sér Rúnar labba í áttina að skrifstofunum.

Óliver kemur að vinnuborðinu og við sjáum allskonar verkfæri, víra ásamt vélum. Hann lítur á borðið og yfirfer það á augnabliki.

Hann rennur höndunum eftir borðinu.

Hann þarf að finna eitthvað.

Eitthvað til að vernda sig og bróður sinn.

Við heyrum í Loga nálgast.

LOGI

Hvað í fokkanum e--

Óliver grípur í hamar og lemur Loga í magann.

Logi gefur frá sér óværuhljóð,--

LOGI (CONT'D)

Ahh, fokk!

Óliver stendur eftir, áttavilltur og horfir í átt að skrifstofunum.

Hann byrjar að labba í áttina að þeim, hann rétt nær að stíga áfram áður en að Logi stendur upp í FLÝTI og RÆDST aftan að Óliver.

Óliver nær að halda sjálfum sér uppi en missir HAMARINN í allri ringulreiðinni. LOGI heldur honum að aftan, en eftir smá rembing nær Óliver að losa sig.

Logi tekur í hálskragann á Óliveri og dregur hann að andliti sínu.

LOGI (CONT'D)
Hver í fokkanum heldurðu að þú sért?!

ÓLIVER
SLEPPTU MÉR!

Logi svarar honum með ögrandi röddu.

LOGI
Hvað varstu að gera inni í húsinu??
--ha?-- fokking svaraðu mér!

ÓLIVER
LÁTTU MIG Í FOKKIN--

Logi SKALLAR Óliver í framan, Óliver tekur fljótt fyrir andlitið sitt. Bakkar frá honum og gefur frá sér stunur.

Hátt hátíðnihljóð--

Í allri ringulreiðinni heyrir Óliver ekki í Loga sem tekur upp hamarinn af jörðinni og nálgast hann.

Óliver tekur hendurnar frá andlitinu og sér Loga með hamarinn á lofti.

Hann LEMUR hamrinum í gagnaugað á Óliver.

Óliver fellur í jörðina og rotast.

CUT TO BLACK.

FADE IN:

Við sjáum STRENGJAHljÓÐFÆRI í nærmynd. Óliver strýkur einu sinni yfir strengina og við heyrum í björtum hljómunum.

Hann leggur puttann sinn yfir C og byrjar að spila "Over The Rainbow" nokkuð ófullkomlega. Hann klikkar nokkrum sinnum og byrjar upp á nýtt.

HRAFN
Hvað ertu með?

Við svalarhurðina stendur Hrafn og horfir yfir til bróður síns.

Óliver horfir upp á Hrafn.

ÓLIVER
Hvað heldurðu?

HRAFN
Gítar.

Óliver brosir til Hrafns.

ÓLIVER
Næstum því, sestu hérna.

Hrafn labbar inn á svalir og sest við hlið Ólivers.

HRAFN
Hvað er þetta?

ÓLIVER
Þetta...heitir úkúlele.

HRAFN
Úkulele.

ÓLIVER
Mhm...

HRAFN
Hvar fékkstu það?

ÓLIVER
Ég keypti það.

HRAFN
Afhverju?

ÓLIVER
Mig hefur bara alltaf langað til þess.

HRAFN
Kanntu á það?

Óliver brosir.

ÓLIVER
 Nei...varla.
 (beat)
 Hérna.

Hann réttir bróðir sínum hljóðfærið.

HRAFN
 Hvað á ég að gera?

ÓLIVER
 Prófaðu að strauma einu sinni yfir.

HRAFN
 Hvað meinarðu?

ÓLIVER
 Bara eins og ég var að gera.

Hrafn straumar puttunum yfir hljóðfærið og það gefur frá sér tóna.

Hrafn brosir.

ÓLIVER (CONT'D)
 Já, vel gert.
 (beat)
 Svo seturðu þennan hérna...

Óliver tekur í baugfingurinn á Hrafn og leggur hann á C.

ÓLIVER (CONT'D)
 Prófaðu núna.

Hrafn prófar að spila og við heyrum nýjan tón.

ÓLIVER (CONT'D)
 Sko.

Hrafn brosir og horfir á bróðir sinn.

Frá baðherberginu heyrir...

MÓÐIR (O.S.)
 Óliver!

Óliver horfir inn um gluggan.

ÓLIVER
 Haltu áfram að æfa þig.

Segir hann og stendur upp.

Við sjáum púðurkrukku á baðherbergisinnréttingunni. Mamma dýfir púðanum sínum í og ber á andlit sitt.

Óliver hallar hurðinni og labbar inn, móðir hans snýr sér við og horfir á hann.

ÓLIVER
Þú varst að kalla?

MÓÐIR
Já, elskan. Geturðu hjálpað mér með hálsmennið?

Við sjáum gullkeðju sem liggur við hliðina á púðrinu.

ÓLIVER
Mhm.

Óliver labbar upp að móður sinni á meðan hún leggur niður förðunarpúðan.

Hún tekur upp hálsmennið og lætur hann hafa það.

Hún snýr sér við.

Óliver leggur hálsmennið um háls hennar og hún heldur hárinu sínu uppi. Óliver losar festina og festir keðjuna saman við háls móður sinnar.

ÓLIVER (CONT'D)
Svona, komið.

MÓÐIR
Æji, takk elskan mín.

Segir hún, snýr sér við og kyssir son sinn á kinnina.

Mægðinin horfa hvert á annað.

ÓLIVER
Hvenær ferðu?

MÓÐIR
Hann er bara á leiðinni að sækja mig.

ÓLIVER
Ókei.
(beat)
Þarf ég kannski að taka hann til hliðar? Spurja hann um forna tíð?

Segir Óliver og hlær.

Móðir hans flissar að honum.

MÓÐIR
(flissandi)
Nei, ekkert svoleiðis.

ÓLIVER
Hvað? Ég þarf að kynna nýja
stjúppabba?

MÓÐIR
(hlægjandi)
Óliver, hættuðessu.

ÓLIVER
Ég er að djóka.

MÓÐIR
Ég veit það elskan mín.

Dyrabjallan hringir.

ÓLIVER
Heyrðu, kallinn okkar er bara
mættur.

MÓÐIR
Geturðu hleypt honum inn handa mér?

ÓLIVER
Allt fyrir yðar hátign.

Segir hann og labbar út.

Mamma hans brosir á eftir honum.

ÓLIVER (CONT'D)
Mamma?

Móðir hans snýr sér aftur og sér Óliver í dyragættinni.

ÓLIVER (CONT'D)
Þú lítur vel út.

MÓÐIR
Takk elskan.

Óliver labbar aftur í burtu.

Mamma stendur eftir og horfir á sjálfa sig í speglinum.

CUT TO:

55 **INT. GANGUR, HEIMA - CONTINUOUS (FLASHBACK)** 55

Á dyrasímanum er myndband sem sýnir anddyrið á blokkinni.

Á skjánum stendur ARNAR, með rósabúnt.

Hann horfir í dyrasímann og...

Við fylgjumst grannt með þar til...

FLASHBACK END.

BACK TO:

56 **INT. VERKSTÆÐI - NIGHT** 56

Við heyrum í vatni leka frá krana, skammt í burtu.

Óliver liggur, hreyfingarlaus á jörðinni.

Blóðpollur við hlið hans sem lekur úr hlið andlits hans.

Við fylgjumst með honum hreyfingarlausum í dágóða stund.

Við sjáum hann frá sjónarhorni gólfsins, undir vinnuborðinu augu hans lokuð.

Beat.

Augun hans byrja að tvístrast, hann andar aðeins hraðar.

Smá hreyfing.

Óliver nær að opna augun alveg, hausinn hans liggur ennþá við jörðina og hann á erfitt með hreyfingu.

CUT TO:

Undir vinnuborðinu liggur rauður BROTLAÐSHNÍFUR (BOX CUTTER).

Óliver starir á hnífinn. Tilfinningalaus.

CUT TO:

Skammt í burtu frá Óliver sjáum við Loga standa inná baðherbergi að þvo sér um hendurnar, og skola á sér andlitið.

CUT TO:

Hnífurinn liggur enn undir vinnuborðinu. Við fylgjumst grannt með honum. Hönd Ólivers kemur inn í ramma og reynir að teygja sig í hann.

Logi klárar að þrífa sig og slekkur á vaskinum. Hann gengur útaf baðherberginu og í áttina að Óliver.

Óliver liggur ennþá hreyfingarlaus, í sömu stöðu og áðan.

Logi labbar upp að honum og snýr honum við. Óliver með lokuð augun, þykist ennþá vera rotaður, dauður. Sá fyrrnefndi leitar að veski, lyklum inni á líkama Ólivers.

CUT TO:

Hnífurinn liggur ennþá undir borðinu. Óliver teygir hönd sína aftur undir, Logi er of upptekinn til að taka eftir því.

Hann notar puttanna til að draga hnífinn að sér. Hann dregur hann nær, og nær. Þar til að hann nær honum í hönd sína. Hann dregur hnífinn undan borðinu.

Logi fattar hvað er í gangi á síðustu stundu þegar að Óliver dregur HNÍFINN FRAM og sker þvert yfir hálsinn á Loga.

Logi heldur fyrir hálsinn sinn, BLÓÐ streymir út frá honum.

Við sjáum augu Ólivers, hann liggur í losti. Augun hans stara galopin upp í loftið. Enginn tími til að hugsa. Rauður í framan, tilfinningalaus.

Óliver stendur upp.

Hann snýr sér við og haltrar áfram, en reynir sitt besta að drífa sig í áttina að skrifstofunum.

Hann dettur niður.

ÓLIVER

Hrafn!

Hann stendur aftur upp.

Hann haltrar áfram, kemur að skrifstofunum.

ÓLIVER (CONT'D)

Hrafn!

Við sjáum í gegnum glerið, enginn Hrafn. Engin sál.

Augun hans Ólivers missa alla von, allt er farið.

Við sjáum bíla keyra, ljósastaura, tré og yfirgnæfandi byggingar.

Bíllin hans Ólivers á miðri hraðbraut.

Við fylgjumst með nóttinni líða.

58 **INT. LYFTUGANGUR, HEIMA - NIGHT (SLOW MOTION)** 58

Lyftan opnast, Óliver labbar út úr henni.

Hann labbar í átt að íbúðinni sinni.

Sárið á hausnum hans er ennþá opið.

59 **INT. BAÐHERBERGI, HEIMA - NIGHT (SLOW MOTION)** 59

Vatnið lekur úr krananum.

Ljósið kveikt.

Tónlistin deyfist og við heyrum meira og meira í krananum.

60 **EXT. ANDDYRI, HEIMA - NIGHT** 60

Óliver situr uppi við vegginn, með hnéinn hátt uppi við líkamann og grætur.

Hleypir öllum tilfinningum út.

61 **INT. HERBERGI HRAFNS - CONTINUOUS** 61

Við sjáum rúmið hans Hrafns, það er tómt.

Hurðin að herberginu opnast og inn labbar Óliver. Við sjáum í fætur hans. Hann stendur kyrr, horfir á rúmið.

Hann bíður í smá áður en nálgast það og sest á það.

Það er tómþögn í kring.

Við bíðum með honum, gefum honum tíma til að átta sig á hlutunum.

Hann strýkur sæng bróður síns, við eltum hönd hans með rólegum hreyfingum. Hann tekur hönd sína upp og við sjáum blóðið sem hann skildi eftir.

Hann horfir á hendur sínar, þær eru þaknar blóði. Sumt og hvað sem er storknað.

Óliver klæðir sig úr jakkanum sínum og peysunni sem hann er í og setur fötin á rúmið. Hann er í hvítum bol og við sjáum glitta í keðjunna á háls hans sem sýnir MEDÚSU.

62 **INT. GANGUR, HEIMA - CONTINUOUS** 62

Við sjáum í dyragáttina að herbergi Hrafns, Óliver stendur upp og labbar í gegnum hana.

Hann labbar að klósettinu sem staðsett er við hlið herbergisins og opnar það.

Við sjáum hann labba inn.

Beat.

63 **INT. BAÐHERBERGI, HEIMA - CONTINUOUS** 63

Óliver horfir niður og við sjáum það sem blasir við honum.

MÓÐIR HANS liggur í baðkarinu, VATNIÐ RAUTT, MÓÐIR HANS HVÍT.

Hún er dain.

Haus hennar liggur upp úr ógegnsæju vatni. Rakarblöð á mósaíkinni, þakin blóði.

Óliver starir á hana og undrar fyrir sér.

ÓLIVER

Mamma?

Ekki sorgmæddur, ekki reiður, bara forvitinn. Hann leggst niður á hnén og horfir á móður sína.

Hann talar með rólegum róm, brestir í rödd hans.

ÓLIVER (CONT'D)

Mamma...?

Óliver færir hönd sína að andliti móður sinnar. Hann strýkur á henni kinnina, færir sig svo yfir á hökuna.

Hönd hans færir svo ofan í vatnið.

Hann heldur inni tárunum.

Óliver hallar hausnum áfram á baðkarið, hann nær ekki andanum, andlit hans verður rautt. Við sjáum hann brotna niður hægt og hægt, með hverju augnabliki.

ÓLIVER (CONT'D)
Ég-- það er ekkert að virka...

...

ÓLIVER (CONT'D)
(lágt)
Ég hata þig...
(beat)
Þú fokking eyðilagðir allt!-- og þú
veist það!

Óliver heldur áfram að gráta, syrgja.

ÓLIVER (CONT'D)
Ég fokking hata þi--

Áður en Óliver nær að klára setninguna slær hann í vatnið, rauðar slettur á veggina og andlit hans. Hann leggst upp að veggnum við hlið baðkarsins og ÖSKRAR. Óviss um hvað á að gera, óviss um bróðir sinn og framtíðina

64 **INT. ELDHÚS, HEIMA - CONTINUOUS**

64

Diskarnir liggja ofan í vaskinum, staflaðir ofan á hvorn annan. Óliver kveikir á vatninu sem lekur ofan á þá.

Vatnið verður rautt, diskarnir líka.

Við sjáum Óliver standa í eldhúsinu og þrífa sárið á hausnum sínum með viskustykki.

65 **INT. STOFA, HEIMA - CONTINUOUS**

65

Hann situr í sófanum, ber að ofan og horfir áfram.

Hálsmennið liggur niður eftir líkamanum.

Fyrir framan Óliver er glerborð, á glerborðinu liggur sími ásamt BRÚNU LEÐURVESKI.

Óliver hallar sér áfram og skoðar veskið.

Hægra megin í veskinu liggur lítill hvítur rammi.

Óliver þírir augun og horfir á hann.

Hann tekur í hann.

Og dregur hann upp.

Augu hans opnast víðar.

Við sjáum mynd af Loga ásamt annari konu sem hann er að kyssa á kinnina. Konan er með stutt hvítt hár og er eilíf í framan.

Óliver klárar að horfa á myndina, leggur hana svo á borðið.

Neðar í veskinu er nafnspjald.

Nafnspjaldið er svart, með stórum stöfum sem stendur á...

BLOND - COCKTAIL BAR

Óliver starir á það og allt verður ljóst fyrir honum.

66 **INT. BÍLL ÓLIVERS, BREIÐHOLT - NIGHT** 66

Allt er dimmt. Eina ljósið í kring er frá ljósastaurunum sem skína á og af andliti Ólivers. Hann keyrir, starir áfram. Við færumst nær honum og nær honum.

Yfirnáttúruleg tónlist færir okkur í heim hans.

CUT TO:

67 **INT. BÍLL ÓLIVERS, BREIÐHOLT - CONTINUOUS** 67

Óliver á sama stað í bílnum, nema með tár í augunum. Við bíðum með honum og fylgjumst með honum sakna.

Græna umferðarljósið á andliti hans.

68 **EXT. BÆR, HVERFISGATA - NIGHT** 68

Bærinn er sofnaður, lítið er um að fólki. Staðirnir lokaðir.

Bílinn hans Óliver stendur í stað, ljósin ennþá kveikt.

69 **INT. BÍLL ÓLIVERS, BÆR - CONTINUOUS** 69

Við sjáum útvarpið á bílnum, útfjólubláir stafir - **FM989**. Hönd Ólivers er á gírkassanum, hann færir hana yfir að lyklunum og slekkur á bílnum. Við sjáum andlit hans, hann horfir niður...hálf tilfinningalaus, harður andardráttur.

Hann horfir niður á hönd sína sem er aftur kominn á gírkassann. Hann dregur hana upp og horfir á hana. Hann heldur henni uppi og við sjáum hana SKELFA.

Hátt hátíðnihljóð--

70

EXT. HVERFISGATA - CONTINUOUS

70

Hurðin að bílnum opnast, hann stígur með einn fót út, svo annan. Hann virðist bjakaður. Hann tekur í hurðina og notar hana sem stuðning til að standa upp.

Hann stendur í smá, horfir áfram en leggur svo af stað.

Hann lokar hurðinni og um leið þá FELLUR hann og dettur á hnén. Höggið er HART.

Óliver horfir niður á jörðina, hann er rauður í framan. Hann dregur fram hendur sínar, hægt og rólega. Horfir á þær

Þær SKELFA.

Hann leggur þær niður, horfir áfram, hann er við það að tárast.

Við sjáum hann halla sér áfram, reynir að standa upp-- en hann fellur í jörðinna.

CUT TO:

Hann liggur á jörðinni, hjálparlaus-- hátíðnihljóðið er ennþá--.

71

INT. BLOND COCKTAIL BAR - NIGHT

71

Róandi, ójarðnesk tónlist spilast..

Brún viðarborð með kokteiglösum ásamt fínsniðuðum rauðum stólum. Frá loftinu hanga hvítar rósir, hvít blóm ásamt grösum sem eru föst við hlið þeirra. Ljósakrónurnar tignarlegar og abstrakt málverk á veggjunum.

Barinn fyrir ofan veitingastaðinn er yfirgnæfður af LED ljósum í öllum litum. Ljósinn, stíllinn, litirnir-- eins og eitthvað úr draumi.

CUT TO:

Freyja (28) konan á **POLAROID MYNDINNI** stendur fyrir framan spegil, umkringd ljósaperum. Við heyrum í vaskinum renna, hún horfir áfram í spegilinn. Við fylgjumst með henni.

CUT TO:

Freyja labbar að barnum með tusku og spreibrúsa í hönd, hún kemur upp að honum, spreijar og byrjar að þrífa. Hún gerir það í smá þar til hún skynjar eitthvað.

Hún horfir upp.

Við sjáum hausinn á Óliver, blóð lekur niður hlið hans.
Hann situr í skringilegum svörtum stól og horfir niður.
Óliver tekur í hausinn á sér, strýkur.

FREYJA (O.S.)
Heyrðu vinur, það er búið að loka.

Óliver hallar sér upp, blóð á höndum hans.
Hann kinkar kolli.

FREYJA (CONT'D)
Er í lagi með þig?

Hann starir á hana.

HARD CUT TO:

72

INT. BLOND RESTAURANT, BAR - CONTINUOUS

72

Freyja sprautar sötthreinsandi efni á hausinn á Óliver. Hún þurrkar burtu blóðið með klút.

FREYJA
Er þetta vont?

ÓLIVER
Nei.

Freyja horfir til hans.

FREYJA
Þú yrðir hissa á því hversu margir
detta niður stigann hérna.

Óliver flissar.

FREYJA (CONT'D)
Þetta er eiginlega bara orðið
hlutastarf.

Óliver brosir.

ÓLIVER
...takk.

Freyja klárar að þrífa sárið.

FREYJA

Svona...ég get ekki betur en þetta,
ég myndi láta tjékka á þessu ef ég
væri þú.

Óliver kinkir kolli.

FREYJA (CONT'D)

Má bjóða þér vatn?

ÓLIVER

Nei takk, takk samt.

FREYJA

Og hvað ertu að gera inná barnum
mínum ef ég mætti spurja?

(beat)

Erfið nótt?

ÓLIVER

Soldið erfið...já.

Óliver talar með rólegum róm.

FREYJA

(flissandi)

Ókei...ég er forvitin.

Beat.

ÓLIVER

Ég er að leita að bróðir mínum.

Freyja þírir augun.

FREYJA

Nú...er hann týndur?

ÓLIVER

Mhm...Já.

FREYJA

Og...hvað?-- ertu ekki búinn að
hringja í lögguna?

Óliver hristir hausinn.

Beat.

FREYJA (CONT'D)

Afhverju ekki?

Hann snýr sér að henni.

ÓLIVER
Hvað heitirðu?

...

FREYJA
Freyja.

ÓLIVER
Freyja.
(kinkar kolli)
Fallegt.

Beat.

ÓLIVER (CONT'D)
Freyja...má ég segja þér soldið?

Freyja staldrar í smá, horfir á Óliver.

FREYJA
Já.

ÓLIVER
Mamma mín átti mig þegar hún var
ung...mjög ung...Faðir minn-- tók
það í vana að berja mig, á hverjum
degi-- þegar hann kom heim...úr
vinnuni-- frá barnum
(beat)
Skipti engu máli.

Freyja gefur upp vorkennissvip, hálf skelkuð.

ÓLIVER (CONT'D)
Þegar ég var sjö ára, á hverjum
degi þegar þá kom ég heim úr
skólanum og sá að hann var að berja
móður mína á gólfinu í stofunni.
Hann virðist aldrei hafa neina
ástæðu fyrir því...hann.. bara--
gerði...

(beat)
Einn morgunin...þá vaknaði ég við
óhljóð frammi á gangi, ég hélt að
þetta væri bara einn annar dagurinn
þar sem að hann ætlaði að fara að
meiða okkur, þannig ég fór fram.
Vitandi hvað væri að fara að
gerast.

Beat.

ÓLIVER (CONT'D)
 ...og þar lá hann á gólfinu...
 hjartaáfall...Mamma stóð við hlið
 hans, við hefðum getað bjargað
 honum...en við horfðum bara á hann.
 Leyfðum honum að kveljast.

Freyja horfir niður, miður sín.

Óliver tekur upp POLAROID myndina af Freyju. Setur hana á borðið.

Hún horfir á hana, hún áttar sig á stöðu málanna með einu augnaráði. Hún horfir yfir á Óliver, skelkuð, hrædd.

FREYJA
 (alvarleg)
 Hvar fékkstu þessa mynd?

Óliver horfir til hennar.

ÓLIVER
 Hann heitir Hrafn...bróðir minn,...
 þú ættir að hafa séð hann.
 (beat)
 Ljóst stutt hár, á erfitt með
 samskipti.

Augnaráð hennar heldur sér á Óliver.

ÓLIVER (CONT'D)
 Ég get ekki látið þetta gerast við
 hann...
 (beat)
 Plís...

Hún starir á hann, sektarkennd í augunum.

HARD CUT TO:

73 **INT. STIGAGANGUR, ÍBÚÐ - NIGHT**

73

Lítill þröngur stigagangur, við enda hans er hurð með gleri í miðjunni.

Hinum megin við ganginn er stigi, hann leiðir upp nokkrar hæðir. Við horfum niður stigann.

74 **INT. HERBERGI, ÍBÚÐ - CONTINUOUS**

74

Lítið herbergi, fyrir framan okkur blasir sjónvarp með SKOTLEIK á skjánum.

Við heyrum í byssum skjóta, sprengjum sprengjast.

Augun á UNGUM stráki horfa áfram ákaflega á skjáinn, húð hans blá vegna endurspeglun sjónvarpsins.

75 **EXT. ÍBÚÐ, BÆR - CONTINUOUS** 75

Við horfum niður á gangstéttina, Óliver réttir fram hönd sína og við sjáum lykil. Hann stingur honum í skráargatið og hurðin að stigaganginum opnast.

76 **INT. STIGAGANGUR, ÍBÚÐ - CONTINUOUS** 76

Við fylgjumst með hurðinni opnast, hægt og rólega. Óliver lítur inn. Hann labbar inn, hægt og rólega.

Skref fyrir skref, hann labbar niður ganginn og að stiganum.

Við horfum niður á hann-- hann horfir upp, labbar upp stigann.

77 **INT. HERBERGI, ÍBÚÐ - CONTINUOUS** 77

Fingur á SVARTRI PLAYSTATION FJARSTÝRINGU, þeir fimast fram og til baka, við heyrum í skothríðinni.

Augun á stráknum ennþá límd við skjáinn.

BACK TO:

78 **INT. ÍBÚÐ - CONTINUOUS** 78

Íbúðin er lítil, tómleg. Rýmið er allt sjáanlegt. Við sjáum málverk, allskonar málverk, tattú vélar ásamt tómu eldhúsi. Út í enda íbúðarinnar sjáum við glitta í blátt ljós sem breytist af og til. Við heyrum einnig í skothljóðunum.

Við færumst nær.

Óliver læðist inn í ramma, við sjáum fætur hans-- svartir skór. Hann labbar í áttina að herberginu.

Augun hans nærgætin, hann passar að ekkert heyrast í honum.

Hann tekur í hurðarhúnninn og hallar hurðinni vandlega...

Við sjáum andlit Ólivers, hann horfir inn í herbergið. Andlit hans verður blátt.

Andspænis honum sitja TVEIR STRÁKAR, svipuðum aldri. Annar þeirra er HRAFN. Óliver horfir á bróðir sinn sem situr og horfir á sjónvarpið.

Óliver horfir á strákinn sem situr við hlið Hrafns, hann er stutthærður, brúnt hár og í svipaðri hæð og Hrafn.

Hrafn horfir yfir á hurðina. Segir ekkert.

Óliver labbar inn, Hrafn stendur upp.

HRAFN

Óliver.

Óliver fer niður á hnén og knúsar bróðir sinn, þeir loka báðir augum. Halda fast.

Óliver slítur faðmlaginu og heldur fast í bróðir sinn og grandskoðar hann.

ÓLIVER

Hvað ertu að gera? Ha?

Hrafn getur ekki svarað.

ÓLIVER (CONT'D)

Er í lagi með þig?

Hrafn kinkar kolli.

Óliver horfir fyrir bakvið sig á strákinn. Hann stendur uppi og virðist skelkaður, hræddur við Óliver.

ÓLIVER (CONT'D)

(við strákinn)

Ég er ekki að fara að meiða þig.

Beat.

HRAFN

Hann talar ekki Íslensku.

ÓLIVER

Ókei.

ÓLIVER (CONT'D)

(við strákinn)

What is your-- uh, what is your name?

Strákurinn svarar ekki, starir bara á Óliver með galopinn augun. Hann fer ofan í vasann sinn og tekur upp lítinn hníf.

Hann skelfur.

Óliver horfir á hann.

ÓLIVER (CONT'D)
It's okay...It's okay.

Óliver setur hendur sínar upp til að sýna upp á sakleysi.

Strákurinn missir hnífinn og hleypur í burtu. Út um hurðina.

Óliver horfir á eftir honum, andar svo frá sér.

Hrafn virðist einnig skelkaður.

HRAFN
Fyrirgefðu.

ÓLIVER
Neineineinei, Hrafn... þetta er ekki þér að kenna-- ég-- þetta er í lagi, verður allt í lagi... Ókei?

HRAFN
Ókei.

Óliver nær andardrættinum. Brosir til Hrafns.

ÓLIVER
Ertu ekki svangur?

Hrafn kinkar aftur kolli.

HRAFN
Hvar er mamma?

Óliver hristir hausinn upp og niður í hálf trúleysi við það sem hefur gerst.

ÓLIVER
Ég hérna--

Óliver andar frá sér, grípur harðar í bróðir sinn og dettur svo niður.

HRAFN
Óliver...?

Óliver liggur í fósturstöðu, við sjáum æðar hans standa út.

Hátt hátíðnihljóð--

HRAFN (CONT'D)
Óliver?--

ÓLIVER
Bíddu...Hrafn, bíddu.

Hann horfir upp á loftið.

ÓLIVER (CONT'D)
Fokk.

HRAFN
Er allt í lagi?

ÓLIVER
Já-- mhm.

Óliver styður við sjálfan sig, bróðir hans tekur í hann.

Hann er andstuttur.

HRAFN
Á ég að hjálpa þér?

Óliver hristir hausinn.

ÓLIVER
(brosandi)
Nei.

Við sjáum augun á Óliver, hann virðist þreytulegur. Hann horfir niður og svo á bróðir sinn.

Hann andar hratt, tilfinningalus í andlitinu.

HRAFN
(hvíslar)
Óliver.

Óliver getur ekkert sagt.

Hann sparar andann. Augnlokin hans virðast deyfast, við það að lokast.

HRAFN (CONT'D)
Óliver...

Við heyrum bresta í rödd Hrafn.

ÓLIVER
Þetta er allt í lagi.

HRAFN
Óliver?

Óliver tekur aftan í hausinn á Hrafni og dregur hann að hausnum sínum.

EITT SKOT - 50/50 - ANDLIT

ÓLIVER
Hlustaðu á mig...

HRAFN
Verður ekki allt í lagi?

Óliver byrjar að fella tár.

ÓLIVER
Hlustaðu.

Hrafn kinkar kolli.

ÓLIVER (CONT'D)
(grátandi)
Ég verð bara aðeins að hvíla mig.
(beat)
Þú verður bara að treysta mér,
ókei?

Óliver dregur upp hálsmennið af MEDÚSU.

ÓLIVER (CONT'D)
Manstu? Þú ert alltaf sterkari.

HRAFN
Ókei.

ÓLIVER
Lofarðu?

HRAFN
Ég lofa.

ÓLIVER
Gott, gott-- nú hleypurðu, hlauptu
eins hratt og þú getur þangað til
að þú finnur einhvern ... og svo
kem ég.

Beat.

HRAFN
Hvar er mamma?--

ÓLIVER
Farðu núna, hlauptu.

HRAFN

Óliver...hvað verður lengi?

Óliver knúsar bróðir sinn FAST. Hann heldur honum.

PÍANÓ HLJÓMAR.

80 **INT. STIGAGANGUR, ÍBÚÐ - NIGHT** 80

Auður gangur.

PÍANÓ.

81 **EXT. BÆR - NIGHT - INAUDIBLE** 81

Bærinn sefur enn.

Litrík ljósinn lýsa upp göturnar.

Fánarnir yfir Austurstræti og búðin sem opin er allan sólahringinn.

Skemmtistaðirnir sem fólk fer á til þess að lifa.

Kaffistaðirnir sem fólk fer á til að dreyma.

Svartur himinn.

...

PÍANÓIÐ HLJÓMAR ENN.

82 **EXT. BÆR - NIGHT - INAUDIBLE** 82

Hrafn hleypur út og á móti honum tekur ringulreið.

Hann horfir til hægri og vinstri, stoppar stutt til að hugsa og hleypur niður laugaveginn.

Hann hleypur, hleypur hratt.

Ennþá hraðar--

Andlit hans áttavillt.

Þar til að hann hægir á sér.

Við sjáum bíl fyrir framan hann á götunni sem stendur í stað, rauðu ljósin endurspeglast af Hrafn.

Hann reynir að hlaupa framhjá bílnum en konan í bílstjórasætinu hleypur út og stoppar hann. Hrafn reynir að sleppa frá honum en hún heldur honum föstu taki.

Við sjáum andlit Hrafns. Augun hans horfa til allra hliða.

Hann rembist en getur ekki meir.

CUT TO:

Við sjáum Hrafn fara inn í bílinn.

Bíllinn keyrir í burtu.

CUT TO:

83 **INT. BÍLL ÓKUNNUGS, BÆR - NIGHT**

83

Hrafn situr í aftursætinu og horfir niður, fram og svo aftur niður.

Við fylgjumst með honum, færumst nær og nær og sjáum hann byrja að skilja.

CUT TO BLACK.

FADE IN:

VETUR

84 **EXT. GRAFARVOGUR - DAY (WINTER)**

84

Við sjáum Esjuna í allri sinni dýrð, þakin snjó.

Geldingarnesið er autt.

Fönn yfirþekur allan bæinn, fólk labbar um eins og ekkert sé, lifir lífinu sínu. Skuggar fortíðarinnar ósjáanlegir.

85 **EXT. HLAUPABRAUT, LAUGARDALUR - DAY**

85

Stór falleg og auð hlaupabraut sem umþekur fótboltavöll í Laugardalnum. Snjórinn allt í kring.

Í fjarska á brautinni sjáum við glitta í einhvern hlaupa, á stuttbuxum og í æfingarpeysa.

Við færumst nær.

NATAN, vinur Ólivers hleypur eftir brautinni. Móður, með hanska og í svörtum leggings innan undir.

Eftir smá hlaup þá stoppar hann, beygir sig og andar í smá. Hann brettir upp peysuna sína og skoðar snjallúrið.

86 **EXT. BÍLASTÆÐI - CONTINUOUS** 86

Natan opnar skottið á bílnum sínum, síminn hans hringir á meðan hann hendir töskunni sinni inn.

Hann svarar.

NATAN (Í SÍMA)

Hæ, elskan.

(beat)

Já, ég ætla heim í sturtu og svo kem ég... Ókei, sjáumst. Bæ.

87 **EXT/INT. HRAÐBRAUT, BÍLL NATANS - CONTINUOUS** 87

Við sjáum fram á veginn, búið er að ryðja snjóinn burt. Fólk keyrir rólegra en vanalega.

Natan situr við stýrið og keyrir áfram.

88 **INT. ÍBÚÐ NATANS - CONTINUOUS** 88

Íbúðin er tóm, þar að segja enginn er heima.

Lítil falleg og opin íbúð sem nýtur sín í vetrarbirtunni.

Við heyrum í hurðinni að anddyrinu opnast og Natan labbar inn.

89 **INT. BAÐHERBERGI, HEIMA HJÁ NATANI - CONTINUOUS** 89

Natan skrófar frá sturtunni.

CUT TO:

Vatnið rennur niður af honum, hann skolar af sér svitann eftir æfinguna.

Við bíðum með honum í smá þar til...

Síminn hans hringir.

Natan heldur áfram að skola sér og lætur símann ekki ónáða.

CUT TO:

Síminn hans liggur við vaskinn, við sjáum á hann.

ÓLIVER - MISSED CALL

Natan skrúfar frá sturtunni og fer að handklæðarskápnnum.

Síminn hringir aftur.

Hann klárar að þurrka á sér hárið, labbar að símanum og tekur hann upp.

Hann horfir á símann í vantrú í smá.

Þangað til að hann svarar.

NATAN
(í símann)
Halló?

CUT TO:

90

INT. BÍLL NATANS, GRAFARVOGUR - DAY

90

Við sjáum út um framrúðuna á bíl Natans, fólk labbar framhjá í snjónum.

Á milli framsætanna liggur fjólublátt kerti sem ruggast um.

Natan beygir inn í götu sem við höfum ekki séð áður. Hann keyrir framhjá stæðunum og við horfum út um rúðunna.

Á gangstéttinni stendur HRAFN, vel klæddur og horfir á eftir honum.

Natan starir á hann.

Hann leggur í stæði og veifar til hans.

Hrafn horfir á Natan og labbar í áttina að bílnum. Hann opnar farþegahurðina og sest inn. Natan tekur á móti honum.

NATAN
Blessaður kall, hvað segirðu?

HRAFN
Allt gott.

NATAN
Varstu eitthvað búinn að tala við þau?

Hrafn staldrar við. Horfir niður.

Natan kinkar kolli.

NATAN (CONT'D)

Ókei.

Natan horfir í átt að blokkinni sem stendur fyrir framan þá.

Hann tekur upp kertið sem stendur á milli sætanna og lætur Hrafn hafa það.

NATAN (CONT'D)

Hérna.

Beat.

HRAFN

Takk.

Natan horfir á Hrafn og andvarpar.

NATAN

Bíddu aðeins, ókei?

Hrafn kinkar kolli.

Natan opnar hurðina á bílnum og labbar út.

91 **INT. ANDDYRI BLOKK, GRAFARVOGUR - CONTINUOUS**

91

Natan labbar inn í anddyrið á nýja heimili Hrafns. Hann labbar upp að póstkössunum og skoðar íbúðarnúmerin.

Hann blæs á sér hendurnar til að halda á sér hita.

CUT TO:

Við sjáum dyrabjöllurnar **01-02, 01-03, 02-01,--**

Natan labbar upp að þeim og við einblýnum á **02-02**. Hann horfir á bjölluna, setur fingur sinn á hana... en ýtir ekki.

Hann dregur fingurinn í burtu og hættir við.

92 **INT. BÍLL NATANS, GRAFARVOGUR - CONTINUOUS - INAUDIBLE**

92

Við sjáum á bakhliðarspegilinn, Hrafn situr aftur í og í sínum vana þá horfir hann í kringum sig og segir ekki neitt.

Natan fylgist með veginum en horfir svo í baksýnispegillin á Hrafn.

Hrafn færir sig að glugganum og horfir út um hann.

93

EXT. KIRKJUGARÐUR - CONTINUOUS

93

Kirkjugarðurinn er umkringdur trjám en ekkert er af fólki. Krossarnir teygjast langt fram yfir moldina, og eitthvað er af postulíni.

CUT TO:

Bíllinn hans Natans keyrir upp veginn meðfram kirkjugarðinum. Hann stöðvast, Natan slekkur á honum.

CUT TO:

Í fjarska sjáum við legsteinn.

Hrafn stendur í stað skammt frá honum með KERTIÐ og starir á hann. Natan stendur við hlið hans.

NATAN

Ég skal bíða hérna.

Hrafn starir áfram, staldrar í smá en labbar svo að krossinum. Hann stoppar fyrir framan hann og starir niður, við horfum upp á hann í gegnum legsteininn.

CUT TO:

Hrafn krýpur niður á bæði hnén, snjórinn virðist ekki trufla hann. Hann horfir áfram á gráan legsteininn og hugsar. Natan stendur í bakgrunni með hendur í vasa og horfir á hann. Hrafn leggur hönd sína á moldina dregur hana eftir henni. Starir svo aftur á krossinn.

HRAFN

Ég kom með nýtt kerti.

Beat.

HRAFN (CONT'D)

Ég hélt að þú myndir koma að sækja mig en þú komst aldrei, en ég var samt ekki hræddur.

(beat)

Nema bara núna. Af því að ég er einn.

Beat.

HRAFN (CONT'D)

Stundum finnst mér eins og ég geti ekki talað við neinn, það skilur mig enginn.

(beat)

(MORE)

HRAFN (CONT'D)

Þess vegna er ég hér, að tala við þig. Ég vona að þú heyrir í mér, Natan vinur hans Ólivers skutlaði mér-- ég er búinn að segja takk.

(beat)

Ummm... ég er búinn að flytja, herbergið mitt er ekki jafn stórt og það var... en mér er alveg sama... ég þarf ekkert stórt herbergi.

Beat.

HRAFN (CONT'D)

Og það er fólk sem að sér um mig, ég tala stundum við þau... en þau vilja bara tala um leiðinlega hluti eins og skólann eða hvernig mér líður... mér finnst ekki gaman að tala um það... ég...

(beat)

Ég er byrjaður í nýjum skóla...ég bað um að fá að vera ennþá í gamla skólanum en þau vildu ekki leyfa mér það... bókasafnið er ekki gott og það er alltaf fólk að tala þar inni og bókasafnskonan vil aldrei segja þeim að lækka í sér, þannig að ég fer yfirleitt ekki þangað.

(beat)

Ég ætla að spurja Natan hvort hann vilji skutla mér hingað oftast, kannski einu sinni í viku-- ég veit það ekki. Óliver sagði alltaf að bensínið kostar svo mikið og ég á engan pening.

Hrafn horfir yfir til Natans, og svo til baka.

HRAFN (CONT'D)

Ég held að Natan sé orðið kalt þannig ég ætla að fara að koma mér. Nýja fólkið vil ekki að ég sé að koma hingað en ég ætla samt að gera það.-- ókei.

CUT TO:

Hrafn teygir sig að krossinum og strýkur yfir hann.

HRAFN (CONT'D)

Bæ.

Hrafn stendur upp og labbar í áttina að Natan. Natan tekur í bakið á honum og labbar með honum að bílnum. Þeir setjast báðir inn, Natan kveikir á bílnum og þeir keyra báðir í burtu.

Við erum skilinn eftir í kirkjugarðinum og bíðum með þeim látnu.

94

INT. ÍBÚÐ, GRAFARVOGUR - DAY

94

Hurðin að litlu íbúðinni í Rimahverfinu opnast. Inn labbar Hrafn í áklæðum sínum og lokar á eftir. Hann byrjar að fara úr úlpunni og hengja hana upp.

KONA (O.S.)

Hrafn minn?

Hrafn svarar.

HRAFN

Já.

KONA (O.S.)

Hvar varstu?

HRAFN

Bara úti.

KONA (O.S.)

Var ekki kalt?

HRAFN

Nei, nei.

KONA (O.S.)

Nú, jæja. Ég fer að græja hádegismat og Stefán ætti að fara að koma heim eftir smá.

Hrafn segir ekkert og opnar hurðina að herberginu sínu.

KONA (CONT'D)

Er ekki allt í lagi?

Hurðin lokast.

95

INT. HERBERGI - CONTINUOUS

95

Hrafn kveikir ljósið og labbar inn.

Hann sest á svefnsófann sem er inni í litla herberginu og horfir niður.

Við hlið hans uppi á veggnum sjáum við BRÚNAN ÚKÚLELE. Hrafn horfir á hann, og staldrar ekki lengi þar til að hann teygir sig að honum. Hann tekur hann niður og starir á hann.

Hljóðfærið er allt úti í ryki.

Hrafn dustar rykið af með höndinni og setur hljóðfærið upp að sér.

Við sjáum STRENGI á litlu hljóðfæri, litlir puttar umlykja handfangið og færast fram og til baka eins og þeir séu að átta sig á einhverju.

Við heyrum í einni nótu spilast.

Ein og ein nóta, sumar góðar, sumar falskar spilast inn á milli.

Við færumst frá hljóðfærinu yfir á andlit HRAFNS (11), ungur strákur, mjór með ljóst hár. Hann horfir niður á gólfið, svo aftur upp.

CUT TO BLACK.

ENDIR